

Skipulagsstofnun
 Sigurður Ásbjörnsson
 Borgartún 7b
 105 Reykjavík

DAGS. 18. mars 2024
 VERKEFNANÚMÉR 1.881.239

Mölnarverksmiðja við Þorlákshöfn: Viðbrögð við umsögnum við umhverfismatsskýrslu

HeidelbergCement Pozzolan Materials (HPM) hefur móttengið umsagnir frá umsagnaraðilum og almenningi við umhverfismatsskýrslu fyrir mölnarverksmiðju við Þorlákshöfn. Umhverfismatsskýrslan var send til Skipulagsstofnunar 27. desember 2023 og gaf stofnunin frest til að skila umsögnum til 9. febrúar 2024. Hér á eftir er brugðist við umsögnum sem borist hafa, en alls voru þær frá 17 aðilum.

Umsagnir sem krefjast viðbragða HeidelbergCement Pozzolan Materials (HPM) hafa borist frá eftirfarandi aðilum:

Efnisyfirlit

Umsögn Minjastofnunar Íslands	2
Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands	2
Umsögn Náttúrufræðistofnunar	6
Umsögn Landsnets	10
Umsögn Umhverfisstofnunar	10
Umsögn Vinnueftirlitsins	16
Umsögn Vegagerðarinnar	16
Umsögn Hafrannsóknastofnunar	21
Umsögn Náttúruverndarsamtök Suðurlands (NSS)	22
Umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss	27
Umsögn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar	27
Umsögn Ásu Berglindar Hjálmsdóttur	28
Umsögn Erlendar Ágúst Stefánssonar	32
Umsögn Guðmundar Oddgeirssonar	35
Umsögn Jóhannesar Laxdals Baldvinssonar	38
Umsögn Jóns Hjörleifs Stefánssonar	39
Umsögn Esterar Ólafsdóttur	42

Umsögn Minjastofnunnar Íslands

BLAÐSÍÐA 2/42

Nr. 1 - Umsögn Minjastofnunnar Íslands	Viðbrögð
<p>Í umhverfismatsskýrslu segir að bora eigi eftir köldu vatni norðan Suðurstrandarvegjar. Þeirri framkvæmd fylgir væntanlega auk borholunnar sjálfjar gerð slóðar og lagnir til að leiða vatnið að verksmiðjunni. Þá segir að mögulega verði að opna nýjan efnistöðukustað vegna framkvæmdarinnar. Loks kemur fram í umhverfismatsskýrslu að gert sé ráð fyrir aðstöðuplani norðan við Suðurstrandsvegjar á meðan á framkvæmdum stendur. Planið verði um 10 ha að stærð. Eftir er að skrá fornleifar á þeim svæðum sem verða fyrir áhrifum vegna borunar eftir vatni, vegna nýrra efnistökusvæða og vegna aðstöðuplans norðan Suðurstrandarvegjar. Minjastofnun Íslands telur að fá þurfi fornleifafræðing til að skrá fornleifar á þessum svæðum. Kynna þarf niðurstöður skráningarinnar fyrir stofnunni sem þá mun ákveða hvort þörf er á að grípa til mótvægisáðgerða og hverjar þær skuli verða.</p>	<p>HPM mun láta vinna fornleifaskráningu á þeim svæðum sem raskast vegna aðstöðuplans, nýrrar borholu og komi til þess að sækja þarf efni í nýjar námur.</p>

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Nr. 2 - Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands	Viðbrögð
<p>Magntölur</p> <p>Í umhverfismatsskýrslunni gættir sum staðar ónákvæmni sem gerir það að verkum að erfiðara er að átta sig á umfangi og /eða eðli framkvæmdarinnar. Má þar nefna eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Magntölur hvað varðar efnisþörf fyrir hafnargerð er á reiki en í kafla 5.5 á bls. 29 er talað um að við hafnargerðina þurfi allt að 15.000 m³ af forsteyptum einingum en í kafla 5.8 á bls. 33 segir að það þurfi allt að 60.000 m³ af forsteyptum einingum. -Á á bls. 11 kemur fram að dýpka þurfi hafnarsvæðið við nýjan viðlegukant í 9 m en í kafla 5.5. bls. 29 kemur fram að dýpka þurfi svæðið innan ölduvarna þannig að dýpið sé að jafnaði um 9,5m. -Hvað varðar ferskvatnsvinnslu vegna verksmiðjunnar kemur fram í kafla 3.2 á bls. 13 að uppi séu áform um að nýta afrennsli frá nærliggjandi starfsemi til að minnka þörf á vatni úr borholum en í töflu 3.1. á bls. 16-17 segir að til lengri tíma sé gert ráð fyrir að vatn í mölunarverksmiðju komi að stærstum hluta úr afrennsli nærliggjandi starfsemi. Í kafla 7.6.2 á bls. 86 segir svo að til framtíðar sé horft til þess að nýta einungis vatn frá nálægri starfsemi. Í töflu 3.1. á bls. 16-17 undir liðnum vatnafar og dálkinum valkostur 2 – 	<p>Varðandi magntölur fyrir efnisþörf: HPM biðst velvirðingar á þessu. Í kafla 5.5 hafa magntölur ekki verið uppfærðar í samræmi við nýjustu áform í frumhönnun hafnar. Uppfærð magntala er um 60.000 m³. Það sama á við um dýpt hafnarinnar, en miðað er við um 9-10 m dýpi á þessu stigi.</p> <p>Það orðalag sem vísað er til varðandi nýtingu á afrennsli frá nærliggjandi starfsemi er samkvæmt því sem stefnt er að, en hvorki er búið að semja um þá nýtingu né staðfesta að hægt verði að nýta vatn í afrennsli. Þangað til það er ljóst mun HPM nýta vatn úr ferskvatnsborholu sem þarf að bora, en engu að síður stefnt að samnýtingu vatns með nálægri starfsemi eftir nánar skoðun.</p> <p>Varðandi vægismat á áhrifum á vatnafar, þá er niðurstaðan sú að áhrifin eru metin nokkuð neikvæð vegna samlegðaráhrifa. Það er villa í textanum í töflu 3.1, en liturinn (appelsínugulur) er réttur. HPM biðst velvirðingar á þessu.</p> <p>Það er rétt að efnið er ekki ætlað sem viðbót á sementsmarkaðinn en það er ætlað sem viðbót í flóru þeirra íauka sem notaðir eru í sement og valda minni umhverfisáhrifum en íaukinn sementsgjall. Ekki er áætlað að framleiðsla á sementi aukist með tilkomu verkefnisins heldur er verið að skipta út íaukum í</p>

Nr. 2 - Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands	Viðbrögð
<p>Keflavík kemur fram að samlegðaráhrif með vatnstöku annarra fyrirtækja á svæðinu séu metin talsvert neikvæð en í kafla 7.6.3 eru vægi áhrifa á vatn-fara metin nokkuð neikvæð vegna mögulegra samlegðaráhrifa.</p> <p>Á bls.15 kemur fram að það efni sem á að framleiða sé ekki áætlað sem viðbót á sementsmarkaðinn heldur eigi það að koma í stað sementsgjalls sem notað er við framleiðslu á sementi. Í töflu 3.1. á bls. 16-17 undir liðnum loftslag og dálkinum núllkostur kemur hins vegar fram að með verkefninu er verið að bæta við flóru þeirra íauka í sement sem valda minni losun en sementsgjall. Á bls. 88 segir svo að eiginleikar móbergs gefi ..einnig tilefni til að ætla að það komi ekki aðeins í stað flugösku sem íauki[...].</p>	<p>Því magni af sementi sem nú þegar er framleitt á hverju ári. Líkt og fram kemur í umhverfismatskýrslunni er sementsgjall sá hluti sements sem veldur hvað mestri losun gróðurhúsalofttegunda, og því ríkuleg ástæða til þess að skipta því út fyrir umhverfisvænni kosti.</p>
<p>Grunnvatn</p> <p>Í niðurstöðum umhverfismatskýrslunnar eru áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatn metin óveruleg sé horft til vatnsvinnslu mólunarverksmiðjunnar einnar og sér en nokkuð neikvæð þegar horft er til samlegðaráhrifa vegna vinnslu annarra fyrirtækja á svæðinu. Í þessu sambandi bendir HSL á að í nýlegu umhverfismati GeoSalmo, sem staðsett er á lóðinni vestan við fyrirhugaða mólunarverksmiðju, eru samlegðaráhrif grunnvatnsvinnslu fiskeldisins með vatnsvinnslu annarra fyrirtækja á svæðinu metin verulega neikvæða og þá var ekki tekið tillit til áforma HPM um mólunarverksmiðju í Keflavík.</p> <p>HSL telur því að samlegðaráhrif vegna grunnvatnsvinnslu HPM vegna mólunarverksmiðjunnar séu vanmetin, sértaklega í ljósi óvissu um magnstöðu grunnvatnshlotsins og ferskvatnslinsunnar við Þorlákshöfn.</p> <p>Jafnframt telur HSL að þolmörkum hvað varðar vinnslu og öryggi neysluvatns til íbúa á svæðinu sé ógnað vegna fyrirhugaðrar vinnslu grunnvatns á svæðinu og að fyrirtækið verði að beita öllum tiltækum ráðum til að takmarka þörf á vinnslu ferskvatns og hámarka endurnýtingu þess á vinnsluferlum sínum.</p> <p>Embættið telur jafnframt að vinnsla ferskvatns og vöktun grunnvatns vegna samlegðaráhrifa framkvæmda á svæðinu í heild verði að vera á ábyrgð allra hagaðila og að ekki sé fullnægjandi að hver og einn vakti möguleg áhrif sinnar vinnslu innan sinnar lóðar. Nauðsynlegt er að vöktun grunnvatns á svæðinu sé víðtæk og hefjist þegar fyrstu stigum framkvæmda til að tryggja sjálfbæra notkun auðlindarinnar og koma í veg fyrir að gæðum vatns sem nú þegar er tekið til neyslu og vatns sem kann að vera tekið síðar sem neysluvatn geti</p>	<p>Sú einkunn sem gefin er hverjum umhverfisþætti er matskennd og háð hverjum matsaðila, en vissulega byggð á fyrirliggjandi viðmiðum. Af þeim sökum getur verið munur á hvar einkunn lendir í umhverfismati. Hvað varðar samlegðaráhrif þá var það metið svo m.t.t. viðkvæmni að áhrif vatnstöku fyrir mólunarverksmiðju og fiskeldi væru að mestu staðbundin og utan skilgreinds vatnsverndarsvæðis fyrir núverandi og fyrirhuguð vatnsból. Niðurdráttur og seltubreyting vegna vatnstöku er talinn verða að mestu innan lóða fiskeldisfyrirtækja við ströndina, þar sem fyrirhuguð er mikil vinnsla. Með vöktun samhliða uppbyggingu á svæðinu er ekki talið að efnafræðilegt ástand í vatnshlotinu muni rýrna, þó magnstaðan geti breyst við vatnstöku. Um er að ræða vatnstöku úr grunnvatnsstraumi sem rennur frá ætluðum vatnaskilum við Bláfjöll frá Hellisheiði og til sjávar og er um endurnýjanlegt ferli að ræða, þ.e. magnstaðan endurnýjast vegna úrkomu á vatnasviðinu. Eins og fram kemur í kafla 7.6.2 í umhverfismatskýrslu gæti um helmingur þess ferskvatns sem rennur til sjávar farið í nýtingu.</p> <p>Núverandi vatnsból og fyrirhugað framtíðarvatnsból fyrir íbúa Þorlákshafnar eru utan og ofan við þá vatnstöku sem fyrirhuguð er og því ekki tekið undir þá fullyrðingu að vinnslu- og öryggi neysluvatns sé ógnað. Áréttað er að vatnsnotkun mólunarverksmiðju myndi einungis nema um 5% af áætlaðri grunnvatnsnýtingu til framtíðar á þessu svæði. Þess fyrir utan er til framtíðar áformað að hámarka endurnýtingu og endurnýta vatn frá nærliggjandi starfsemi ef mögulegt er.</p> <p>Líkt og segir í kafla 7.6.2 um mótvægisáðgerðir þá hafa nýtingaraðilar grunnvatns í nágrenni Þorlákshafnar tekið sig saman og stefna að borun</p>

Nr. 2 - Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands	Viðbrögð
<p>hrakað eða spillst, sbr. 12.gr. rgl. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.</p>	<p>rannsóknar- og vöktunarhola á svæðinu. Holurnar eru staðsettar utan lóða fyrirtækjanna. Fyrirhugað er að framkvæma jarðlagagreiningu fyrir rannsóknarholurnar og með þeim upplýsingum mun fást betra mat á grunnvatnsstraumum við Þorlákshöfn. HPM tekur undir að mikilvægt sé að vakta auðlindina samhliða uppbyggingu á svæðinu og er samstarfið tilkomið vegna allra þeirra áförmu um vatnstöku á svæðinu vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar. Með vöktun verður unnt að fylgjast með áhrifum vatnsvinnslu, hvort tveggja niðurdrætti og mögulegum seltubreytingum og þá hægt að bregðast við í tíma ef vísbendingar eru um rýrnun á efnafræðilegu ástandi.</p> <p>Líkt og segir í kafla 7.6.3 um vægi áhrifa á vatnafar þá er viðmiðið í matinu að með vöktun vatnstökuaðila verði komið í veg fyrir að vatnstaka skaði vatnafar svæðisins. Einkunn í nýlegu umhverfismati GeoSalmo var sett fram án mótvægisáðgerða.</p> <p>Endanleg ákvörðun um umfang vöktunar og ákvæði þess efnis verða sett í starfsleyfi og nýtingarleyfi fyrirtækjanna á staðnum.</p>
<p>Umferð</p> <p>Í kafla 7.4.2 bls. 70 kemur fram að framkvæmdir við rekstur mólunarverksmiðju muni auka umferð um Þorlákshafnarveg og Suðurstrandarveg, en gert er ráð fyrir um 112 ferðum flutningsbíla dag hvern, fram og til baka. Þrengslavegur er hins vegar ekki nefndur en þær námur sem áætlað er að sækja efni til vinnslunnar í eru báðar staðsettar við Þrengslaveg. HSL telur að áhrif aukinnar umferðar þungaflutninga á Þrengslavegi á öryggi og samfélag hafi einnig átt að meta í umhverfismatinu. Þá er ekki fjallað nánar um það hvaða áhrif það hefði á umferð og samfélag ef aðrir aðilar myndu nota höfnina sem útflutningshöfn, en minnst er á þann möguleika í kafla 5.5 í umhverfismatsskýrslunni.</p>	<p>Fjallað er um umhverfisáhrif vegna flutninga um Þrengslaveg í umhverfismatsskýrslu fyrir efnistöku úr Litla-Sandfelli. Þar eru áhrif flutninganna á öryggi metin óverulega neikvæð.</p> <p>Ársdagsumferð á Þrengslavegi er 1900 ökutæki. Þar um fara í dag þung ökutæki, enda eru stórar námur staðsettar aðliggjandi veginum. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir efnistöku allt að 625.000 m³ á ári í Litla-Sandfelli, sem stefnt er að því nota að hluta fyrir mólunarverksmiðju. Stefnt er að því að þeir flutningar muni nema um 500.000 m³ efnis á ári þegar verksmiðjan er komin í fullan rekstur. Sé þeirri umferð skipt jafnt niður yfir árið, nemur það 112 ferðum (fram og til baka samtals) á dag. Slík umferð nemur um 6% heildarumferðar um Þrengslaveg á dag. Miðað við áform um rekstrarleyfi námunnar má búast við fleiri ferðum úr námunni á Þrengslaveg, óháð mólunarverksmiðju.</p> <p>Vegagerðin er nú þegar byrjuð að skoða vegabætur og nú þegar búið að bæta Þrengslaveg frá Þjóðvegi 1 að Litla-Sandfelli. Stefnt er að frekari vegabótum á þessum kafla til framtíðar sem passar vel við tímaáætlun þessa verkefnis.</p>

Nr. 2 - Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands	Viðbrögð
	<p>Í samtali við yfirvöld í Ölfusi hefur komið upp sú hugmynd að aðrir aðilar gætu nýtt sér höfnina í Keflavík til útflutnings. Í því tilliti hefur einkum verið rætt um aðila sem nýta sér höfnina í Þorlákshöfn í dag og þá frekar aðila í grófari starfsemi. Aðstæður við Keflavík, náttúrulegar og pláss, leyfa þó ekki að fram fari stórfelldur útflutningur á vörum um þá höfn.</p>
<p>Í kafla 7.7. Loftslag kemur fram að Heidelberg Materials hafi rannsakað möguleg íblöndunarefni í sement og að af öllum prófuðum efnum hafi móberg reynst vera það eina sem uppfyllir allar kröfur með tilliti til eðliseiginleika sements sem og steypuþol. Eiginleikar efnisins gefi þannig til kynna að það komi ekki einungis í stað flugösku sem íauka heldur geri það einnig kleift að auka hlutfall íauka í sementi úr um 18% af flugösku í um 30% móberg og þannig minnka notkun sementsgjalls enn frekar og þar með draga enn meira úr losun CO₂ við framleiðslu sements. Þar að auki verði móbergið til við náttúrulegar aðstæður á meðan hin efnin eru annað hvort háð varmavinnslu eins og brenndur leir eða eru aukaafurðir frá mengandi iðnaðarferlum. Því eru áhrif aðalvalkostar á loftslag metin verulega jákvæð.</p> <p>Í ljósi ofangreinds bendir HSL á að vinnsla móbergs með þeim hætti og í því magni sem gert er ráð fyrir í ofangreindri umhverfismatskýrslu er í eðli sínu ósjálfbær, þó hún mögulega minnki kolefnisfótspor sementsframleiðslu á heimsvísu, því hún byggir á nýtingu takmarkaðar auðlindar sem er sjaldgæf á heimsvísu og endurnýjar sig ekki nema að mjög litlu leyti, því móberg myndast aðallega í eldgosum undir jökli eða undir sjó og finnst nánast eingöngu á Íslandi.</p>	<p>Heidelberg Materials, móðurfélag HPM, vinnur stöðugt að því að draga úr kolefnisspori í framleiðslu sinni. Ein af áhrifaríkustu leiðunum til þess er talin vera sú leið að skipta úr sementsgjalli fyrir náttúrulegt móberg, sem er einmitt það sem þessi framkvæmd gengur út á. Móberg eins og önnur jarðefni eru í eðli sínu ósjálfbær, þó á eldfjallaeyjunni Íslandi verði öðru hverju til nýtt land, hvort sem er undir jökli, vatni eða á jörðu. Framleiðsla sements er því miður ekki sjálfbær en þeim mun mikilvægara að minnka kolefnisspor hennar eins og hægt er. Á meðan framkvæmdir og uppbygging á sér stað er vinnsla jarðefna nauðsynleg, hvort sem hún er hér á landi eða erlendis.</p> <p>HPM hefur leitað leiða til að vinna efni úr sjó og hefur komið í ljós að slíkt efni hentar eins vel og landefni. Sú auðlind sem þar er unnið úr er mjög umfangsmikil og lítill hluti hennar sem verður nýttur á 30 ára leyfistímabili eins og stefnt er að.</p> <p>Vinna við umhverfismatskýrslu efnistökkunnar sjálfar á sér stað þegar þetta er skrifað. Þar er verið er að stilla upp 30 ára vinnsluplani, og í fullri nýtingu er gert ráð fyrir að verið sé að vinna um 1-1,3% af skilgreindum efnismassa við Landeyjarhöfn.</p>
<p>Í kafla 1.5 Leyfismál, kemur fram að sækja þurfi um starfsleyfi fyrir rekstur hafnar til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Hafnir eru ekki starfsleyfis skyldar skv. IV viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustu hætti og mengunarvarnir.</p>	<p>HPM þakkar fyrir ábendinguna.</p>

Umsögn Náttúrufræðistofnunnar

BLAÐSÍÐA 6/42

Nr. 3 - Umsögn Náttúrufræðistofnunnar	Viðbrögð
<p>Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umhverfismatskýrsluna og gerir eftirfarandi athugasemdir við aðalvalkost umhverfismatsins:</p> <p>Áhrif á grunnvatn</p> <p>Ferskt grunnvatn er ekki óþrjótandi auðlind og hjá iðnaðarsvæðunum við Laxabraut er mikil eftirspurn eftir aukinni nýtingu á grunnvatni, bæði fersku og söltu, til notkunar í fiskeldi. Austan við framkvæmdasvæðið hafa farið fram allmiklar rannsóknir á grunnvatni og ástandi þess sem hafa leitt til þess að fyrirtækin sem nýta auðlindina við Laxabraut ætla að vera í samstarfi um vöktun og eftirlit. Þetta er mjög mikilvægt, en auk þess þarf að skilgreina mótvægisáðgerðir til að hægt sé að bregðast við svo ekki skapist alvarlegt ástand í grunnvatnsmálum iðnaðarsvæðisins. Rannsóknir á grunnvatni, vatnshloti, vestast á iðnaðarsvæðinu, þar sem mölunarverksmiðjan er áformuð, eru ekki fullnægjandi og þarf að bæta úr því. Þrátt fyrir að vatnspörf mölunarverksmiðjunnar, þ.e. 2-3 milljón m³ á ári (95 l/s að meðaltali á ársgrundvelli), sé ekki eins umfangsmikil og hjá fiskeldisfyrirtækjum þá eru samlegðaráhrif innan svæðisins mikil og mikilvægt að takmörk vatnsnýtingar séu þekkt þannig að ekki skapist hætta um nýtanlegt magn eða gæði ferskvatnsins. Í umhverfismatskýrslunni er fjallað um mögulega endurnýtingu á fersku vatni og ætti fyrirtækið að skoða þann möguleika vandlega. Í skýrslu Vatnaskila, sem fylgdi umhverfismatskýrslu Geo Salmo 2023, kemur fram að samlegðaráhrif grunnvatnstökunnar er gríðarleg. Náttúrufræðistofnun telur þörf á því að huga að Hlíðarvatni sem er svæði nr. 758 á náttúruinjasrá. Þótt niðurdráttur við Hlíðarvatn er talinn verða tiltölulega lítill þá hefur Náttúrufræðistofnun af því áhyggjur að vatnsrennsli úr lindum í vatnið muni dragast saman um 4% vegna fyrirhugaðrar grunnvatnsvinnslu við Þorlákshöfn. Meðal annars gæti sá samdráttur haft áhrif á hrygningu bleikju í Hlíðarvatni en algengt er að bleikjur hrygni nálægt innrennsli úr lindum. Afar mikilvægt er að allt áhrifasvæðið sé vaktað gaumgæfilega og sérstaklega þarf að fylgjast með Hlíðarvatni. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar flokkast Hlíðarvatn sem strandvatn og er sú vistgerð flokkuð með hátt verndargildi. Strandvötn skera sig fá öðrum stöðuvötnum að þar getur fundist lífríki sem þrífst í ísöltu vatni og sjó. Því er seltustig og framboð ferskvatns einkar mikilvægt fyrir það lífríki sem finnst í slíkum vötnum.</p>	<p>Líkt og segir í kafla 7.6.2 um mótvægisáðgerðir þá hafa nýtingaraðilar grunnvatns í nágrenni Þorlákshafnar tekið sig saman og stefna að borun rannsóknar- og vöktunarhola á svæðinu. Fyrirhugað er að framkvæma jarðlagagreiningu fyrir rannsóknarholurnar og með þeim upplýsingum mun fást betra mat á grunnvatnsstraumum við Þorlákshöfn. HPM tekur undir að mikilvægt sé að vakta auðlindina samhliða uppbyggingu á svæðinu og er samstarfið tilkomið vegna allra þeirra áforma um vatnstöku á svæðinu vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar.</p> <p>Við starfsleyfisgerð fyrirtækja á svæðinu verður umfang vöktunar skilgreint nánar ásamt skilyrðum og mótvægisáðgerðum ef bregðast þarf við aðstæðum sem upp geta komið og þar á meðal mögulegum niðurdrætti í Hlíðarvatni eins og NÍ bendir á. Rétt er þó að halda því til haga að vatnsnýting HPM ein og sér gefur ekki tilefni til að álykta að niðurdráttur verði í Hlíðarvatni.</p> <p>Orkustofnun hefur nú þegar gert kröfur í útgefnum leyfum til grunnvatnsnýtingar á svæðinu um áfangaskipta vinnslu og skilyrt áframhaldandi vinnslu nýtingaraðila við útkomu vöktunar.</p> <p>Eins og fram kemur í umhverfismatskýrslu hefur HPM nú þegar átt samræðum við aðliggjandi fiskeldisfyrirtæki með það að markmiði að mölunarverksmiðjan endurnýti vatn sem nýtt er í fiskeldi. Þær samræður og athuganir munu halda áfram, en of snemmt er að segja til um umfang endurnýtingar á þessu stigi þ.e. hvort öll áætluð vatnsnotkun HPM geti verið leyst þannig eða hluti.</p> <p>Með framangreindum aðgerðum má koma í veg fyrir að vatnafar á svæðinu skaðist og uppfylli þannig lög um stjórn vatnamála og reglur á þeim grundvelli.</p>
<p>Efnistaka og flutningar</p> <p>Efni sem á að vinna í mölunarverksmiðjunni kemur að 1/3 hluta af landi og</p>	<p>Áður en lengra er haldið telur HPM þarft að benda á að hlutverk umsagnaraðila í þessu ferli er hluti af stjórnsýslu þeirra. Þær umsagnir verða því eins og</p>

Nr. 3 - Umsögn Náttúrufræðistofnunnar	Viðbrögð
<p>2/3 hluta af hafsbotni. Á landi er áformað að flytja efni úr Litla-Sandfelli og jafnvel Lambafelli um 500.000 þúsund tonn á ári (bls. 70), eða 500 milljón tonn, sem eru um 112 flutningabílar á dag (fram og til baka) um Suðurstrandarveg og Þorlákshafnarveg. Ekki er fjallað um áhrif flutninga á Þrengslaveg, þolmörk vegarins fyrir þungaflutningum (sem í dag eru talsverðir) eða umferðaöryggi á þessari leið.</p> <p>Ekki liggur fyrir umhverfismat vegna fyrirhugaðrar efnistöku við Landeyjahöfn, en ráðgert er að flytja efni sjóleiðina í mölunarverksmiðjuna við Keflavík, allt að 21 skip í viku og fjögur skip á viku með efni til útflutnings. Ekki kemur fram hvernig það samræmist annarri skipaumferð á þessu hafsvæði. Hönnun hafnarinnar er ekki lokið, en útbúa þarf viðlegukant sem gæti orðið allt að 180 m langur, og ölduvarnir til að skýla þeirri viðlegu. Miðað við forhönnun gæti aðalgarðurinn orðið allt að 450 m langur og þvergarðurinn allt að 250 metra langur og lægi frá norðri til suðurs til að loka höfninni. Svæðið innan við ölduvarnir þyrfti að dýpka þannig að dýpt svæðisins væri að jafnaði um 9,5 metrar. Ekki kemur fram hvert núverandi dýpi er við fyrirhugað hafnarsvæði eða hversu mikið þarf að dýpka til að ná 10 m dýpi.</p> <p>Gera má ráð fyrir að mikilli efnisþörf varðandi hafnarmannvirkið en nokkur óvissa er um efnistökuastaði eða námur, þ.e. hvort notaðar verða eldri námur eða nýjar opnaðar. Það hefði þurft að koma skýrar fram í umhverfismatsskýrslu í hvaða efnisnámur verður sótt tæplega milljón m³ af efni og þá sérstaklega stórgrýti, þar sem um er að ræða nauðsynlegan hluta framkvæmdar.</p>	<p>Önnur störf stjórnvalda að byggjast á lögum og vera í samræmi við lög. Hluti af því er að umsagnir afmarkist við og séu í samræmi við þau verkefni sem viðkomandi stjórnvaldi er falið lögum samkvæmt, að gætt sé að hlutlægni í slíkri umfjöllun og ekki gengið inn á verksvið annarra stjórnvalda. Þannig þurfa umsagnir stjórnvalda að vera í málefnalegum tengslum við hlutverk þeirra og starfssvið og þar með sérfræðipokkingu. Af því leiðir að mikilvægt er að umsagnaraðilar haldi sig innan síns sérsviðs við veitingu umsagna. Náttúrufræðistofnun er mikilvægur umsagnaraðili varðandi allt sem viðkemur náttúruvari. Aftur á móti verður ekki séð að það rúmist innan lögbundins hlutverks stofnunarinnar að meta áhrif af flutningum á landi og sjó og þolmörk vega eða stofnunin hafi sérfræðipokkingu á því sviði.</p> <p>Vísað er til svars við umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er varðar flutninga um Þrengslaveg hér á undan.</p> <p>Í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða hefur verið unnið umhverfismat fyrir efnistöku í sjó undan strönd Landeyja- og Eyjafjallasand. Þar verður fjallað um aðra skipaumferð um svæðið, en ekki er fjallað um það í þessari skýrslu.</p> <p>Svæðið innan hafnarinnar er í dag allt frá 0 til -10 m djúpt. Sums staðar innan svæðisins er dýpið meira.</p> <p>Líkt og segir í kafla 5.8 í umhverfismatsskýrslu: Komi til þess, þegar nær dregur framkvæmdum við hafnarmannvirki, að þörf er á efni sem ekki fæst úr opnum námum, verður sótt um leyfi fyrir nýjum efnistökuastaði þegar þar að kemur.</p>
<p>Setlón og rykmengun</p> <p>Fram kemur að sjávarseti verður dælt í setlón innan iðnaðarsvæðisins. Gert er ráð fyrir þremur setlónum og að þau geti orðið um 30.000 m² samtals að stærð, eða um 10.000 m² hvert lón. Efri tvö lónin, næst verksmiðju, taka við efni úr sjó en ekki kemur fram hver tilgangur þriðja lónsins er. Ekki er gert ráð fyrir rykmengun þar sem setlónin verða blaut. Reynsla af uppistöðulónum er sú að fingert setefni sest til í jaðra lóna sem síðan vill þorna upp og fjúka í roki. Þar sem áviðrasamt er við Keflavík hefði þurft að taka inn möguleika um</p>	<p>Líkt og segir í kafla 5.3 mun þriðja lónið næst sjónum taka við sjó úr efri tveimur lónum. Efri tvö lónin, næst verksmiðju, taka við efni úr sjó. Þegar dælt er í þau lón myndast tjörn sem á endanum yfirfyllist og vatnið lekur yfir í setlónið næst sjónum. Setlónin eru þannig þrepaskipt.</p> <p>Þá segir einnig í kafla 5.3 að efnið í setlónum mun ekki þorna upp að því marki að hætta sé á rykmengun vegna sandfoks. Reynsla Björgunar í Álfsnesvík á sambærilegum lónum er sú að ekki hafa orðið vandamál vegna fín-efnafoks. Auk þess má benda á að allar rannsóknir HPM á efninu við</p>

Nr. 3 - Umsögn Náttúrufræðistofnunar	Viðbrögð
<p>rykmengun. Ekki er heldur fjallað um sérstakan búnað í mölunarverksmiðjunni sem kemur til með að varna rykmengun út í andrúmsloftið.</p>	<p>Landeyjahöfn gefa til kynna einsleita kornakúrfu sem er nær öll á bilinu 1-2 mm. Efnid er því mjög fínefnasnautt sem dregur enn frekar úr fohættu.</p>
<p>Orkuþörf Rafafliþörf verksmiðjunnar er um 60 MW (um 500 GWst) á ári eða sem jafngildir uppsettu afli Kröfluvirkjunar sem er 60 MW og með orkuvinnslu upp á 500 GWst/ári skv. tölum Landsvirkjunar. Orkuþörfin er mikil og samkvæmt þessu hefði þurft að koma fram hvort búið sé að tryggja raforku fyrir verksmiðjuna sérstaklega miðað við almennar umræður í dag um orkuskort í landinu.</p>	<p>Eins og áður er bent á verður hlutverk umsagnaraðila í þessu ferli að rúmast innan lögbundins hlutverks þeirra. Því er mikilvægi að þeir haldi sig innan síns starfs- og sérsviðs lögum samkvæmt.</p> <p>HPM gerir sér grein fyrir hver staðan er á raforkumarkaði á Íslandi. Fyrirtækið hefur átt samráð við Landsnet varðandi flutning á raforku þegar til þess kemur. Það samráð mun halda áfram þangað til samningar nást. Það sama á við um samtal við orkufyrirtæki varðandi orkukaup.</p>
<p>Náttúruvá Í umhverfismatsskýrslu er ekki fjallað um náttúruvá. Iðnaðarsvæðið og hafnarmannvirkið liggur fyrir opnu hafi og við ströndina er brimasamt. Sjávarrof er mikið, eins og hnellingafjaran við Keflavík ber með sér. Ekki er gert mat á áhrifum hamfaraveðurs á mannvirkin, en búast má við tíðari hamfaraveðrum samhliða loftslagsvá og hækkandi sjávarstöðu. Þá er svæðið í nálægð virkra gosbelta og hætta bæði á jarðskjálftum og hraunflæði niður að strönd, eins og áður hefur gerst á síðustu 10.000 árum.</p>	<p>Í kafla 2.2. í umhverfismatsskýrslu er fjallað um náttúruvá. Þar er bent á að tekið verði tillit til mögulegra vatnsflóða og annarrar náttúruvár við hönnun lóðar og burðarþol mannvirkja.</p>
<p>Ásýnd, gönguleiðir og almannaréttur Iðnaðarsvæðin vestan Þorlákshafnar munu verða mjög sýnilegt og gjörbreyta ásýnd strandsvæðisins til frambúðar. Tölvugerðar myndir af mölunarverksmiðjunni séð frá austri gefa ágætis mynd af sýnileika, en einnig hefði mátt sýna breytingar á ásýnd svæðisins úr vestri t.d. frá Selvogsvita sem er vinsæll áningarstaður göngu- og útivistarfólks. Forn varðaður vegur liggur meðfram strandlengjunni og um iðnaðarsvæðið liggur einnig Vitaleiðin, gönguleið frá Knarrarósvita að Selvogsvita. Fram kemur í umhverfismati að svæði mölunarverksmiðjunnar verður afgirt og gönguleiðir fluttar norður fyrir iðnaðarsvæðið. Fyrirtækið Geo Salmo hefur hins vegar ráðgert að setja gönguleið eftir varnargarði sem liggur meðfram ströndinni. Þarna er mikið ósamræmi á milli fyrirtækja, og samliggjandi lóða, varðandi aðgengi almennings og í því samhengi bendir Náttúrufræðistofnun á IV kafla laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um Almannarétt og þá sérstaklega 26. gr. um girðingar. Annað sem hefði mátt fjalla betur um í umhverfismatsskýrslunni eru möguleg</p>	<p>Eins og áður er bent á verður hlutverk umsagnaraðila að vera í samræmi við lögbundið hlutverk þeirra og því mikilvægt að þeir haldi sig innan síns starfs- og sérsviðs í umsögnum sem þessum.</p> <p>Selvogsviti er merktur inn á mynd 7.3 og er í um 10 km fjarlægð frá fyrirhugaðri verksmiðju. Ákveðið var að taka eina mynd úr slíkri fjarlægð eða frá Eyrarbakka. Mynd 7.9 gefur hugmynd um mögulega ásýnd.</p> <p>Undirbúningsvinna vegna Geo Salmon hófst áður en áform um mölunarverksmiðju voru birt. Það fyrirtæki er ekki háð aðgengi að sjó og því hægt að gera áfram ráð fyrir aðgengi þar. Vegna öryggissjónarmiða þarf iðnaðarsvæði HPM að vera lokað óviðkomandi umferð. Því þarf að beina umferð fram hjá svæðinu. Unnið verður að slíku í deiliskipulagi verkefnisins í samráði við sveitarfélagið Ölfus.</p> <p>Í kafla 5.4 er fjallað um fráveitu og úrgang. Þar segir að lífrænn úrgangur frá starfsmannaaðstöðu muni fara í rotþró og að reglugerð um fráveitur og skólp</p>

Nr. 3 - Umsögn Náttúrufræðistofnunar	Viðbrögð
<p>áhrif verksmiðjunnar á nærliggjandi iðnaðarsvæði s.s. fiskeldi og Lýsi hf. og eins á samlegðaráhrif fráveitu út í sjó.</p>	<p>nr. 798/1999 verði fylgt. Þá segir einnig að vatn frá fráveitunni muni innihalda salt og mögulega einhver fínefni. Ekki er gert ráð fyrir öðrum efnum.</p> <p>Í kafla 7.6.2 um áhrif framkvæmdarinnar á vatnafar kemur fram að ekki sé ástæða til þess að gera ráð fyrir mengun vatns né vatnshlota af völdum starfseminnar, og því ekki ástæða til þess að meta samlegðaráhrif.</p>
<p>Það er mat Náttúrufræðistofnunar að umhverfisáhrifin séu nokkuð neikvæðari en sett er fram í skýrslunni þ.e. að jarðmyndanir, sjávarbotn, lífríki í sjó og fjöru verði fyrir talsvert eða verulega neikvæðum áhrifum þar sem um óafturkræfar framkvæmdir er að ræða. Samlegðaráhrif vatnstöku mun vera neikvæð og jafnvel talsvert neikvæð. Umferð, loftgæði og hljóðvist munu vera nokkuð til talsvert neikvæð. Hversu jákvæð áhrifin eru fyrir samfélagið á eftir að koma í ljós en augljóslega þarf aukinn samfélagslegan kostnað við fyrirhugaða framkvæmd s.s. vegna vegabóta og orkuöflunar. Umhverfisáhrif á loftslag er látið liggja á milli hluta þ.s. áhrif sementsframleiðslu á heimsvísu er óþekkt stærð. Almennt séð verður um gífurlega mikið rask að ræða á iðnaðarsvæðinu við Keflavík, s.s. á jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar og á lífríki í fjöru og sjó. Landslag strandsvæðisins mun gjörbreytast.</p> <p>Náttúrufræðistofnun hefur áhyggjur af grunnvatnstöku og áréttar að sýna varfærni og stilla vatnstöku í hóf innan iðnaðarsvæðisins. Vöktunar-, viðbragðs- og mótvægisáðgerðir og áætlanir, verða að vera markvissar og krefjast samstarfs á milli mismunandi hagaðila. Skortur á upplýsingum má ekki vera fyrirstaða fyrir nauðsynlegar áðgerðir ef stefnir í að áhrif á grunnvatnskerfið fari yfir ásættanleg mörk.</p>	<p>Í mati á umhverfisáhrifum er notast við grunnástand og viðmið til þess að meta vægi áhrifa á umhverfisþætti. Það þýðir að stundum, þó að framkvæmdir séu óafturkræfar, séu heildaráhrif metin óveruleg eða lítil vegna þess að grunnástand og viðkvæmni eru metin lítil eða með lágt verndargildi.</p> <p>Líkt og segir í kafla 7.6.2 um mótvægisáðgerðir þá hafa nýtingaraðilar grunnvatns í nágrenni Þorlákshafnar tekið sig saman og stefna að borun rannsóknar- og vöktunarhola á svæðinu. Fyrirhugað er að framkvæma jarðlagagreiningu fyrir rannsóknarholurnar og með þeim upplýsingum mun fást betra mat á grunnvatnsstraumum við Þorlákshöfn. HPM tekur undir að mikilvægt sé að vakta auðlindina samhliða uppbyggingu á svæðinu og er samstarfið tilkomið vegna allra þeirra áforma um vatnstöku á svæðinu vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar. Með því verður unnt að fylgjast með hvort mögulega verði niðurdráttur eða ójafnvægi á grunnvatnslinsunni og þá hægt að bregðast við í tíma.</p>

Umsögn Landsnets

BLAÐSÍÐA 10/42

Nr. 4 - Umsögn Landsnets	Viðbrögð
<p>Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.</p> <p>Í kafla 5.10.1 er fjallað um tengingu við raforkukerfið og rafafliþörf. Landsnet bendir á að nú liggur fyrir staðfesting Orkustofnunar á áætlun um framkvæmdaverk 2024-20261, en vísað er til draga að þeirri áætlun í kaflanum. Staðfesting Orkustofnunar staðfestir fyrirhugaða áætlun um styrkingar á raforkuflutningskerfinu til Þorlákshafnar.</p>	<p>Umsögnin krefst ekki viðbragða.</p>

Umsögn Umhverfisstofnunnar

Nr. 5 - Umsögn Umhverfisstofnunnar	Viðbrögð
<p>Aðstöðuplan norðan Suðurstrandarvegjar</p> <p>Í umfjöllun um aðalvalkost í kafla 3.2 er talað um 10 ha aðstöðuplan norðan Suðurstrandarvegjar, sem notað verði á meðan framkvæmdum stendur. Gera þarf betur grein fyrir því hvaða lóð er ætluð undir aðstöðuplanið og hvaða áhrif sú framkvæmd hefur á það tiltekna svæði.</p>	<p>Framkvæmd af þessari stærðargráðu þarf geymslusvæði fyrir aðföng og mögulega vinnubúðir af einhverju tagi. Á þessu stigi er ekki búið að útfæra nánar staðsetningu vinnubúða, en mögulegt er að þær yrðu innan verksmiðju-lóðar. Röskun felst fyrst og fremst í jöfnun lóðar sem er álíka því sem gera þyrfti vegna undirbúnings þessarar skilgreindu iðnaðarlóðar á aðalskipulagi þegar til kemur. Á þessu svæði eru jarðmyndanir, gróðurfar og náttúrulegar aðstæður keimlíkar því sem er á iðnaðarlóð HPM sunnan vegar.</p> <p>Unnið verður að aðstöðusköpun í samvinnu við sveitarfélagið.</p> <p>HPM mun láta vinna fornleifaskráningu á þeim svæðum sem raskast vegna aðstöðuplans.</p>
<p>Náttúruvernd</p> <p>Samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta ákveðnar jarðmyndanir sérstakrar verndar og skal ekki raska nema brýn nauðsyn þyki til. Í 2. mgr. a sömu laga segir að eldvörp, eldhraun, gervigigar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökul-tíma njóti sérstakrar verndar. Fyrirhugað framkvæmdasvæði aðalvalkostar er staðsett á Leitahrauni sem er rúmlega 5000 ára gamalt. Í hrauninu er að finna marga hella þ.á.m. Raufarhóls-helli, Arnarker og Árnahelli. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúru-fyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki</p>	<p>Fyrir liggur Aðalskipulag Ölfuss 2022-2036 sem staðfest var í lok árs 2022. Í því skipulagi er þetta svæði ásamt mun stærra svæði skilgreint sem iðnaðarsvæði og því gert ráð fyrir að því verði raskað til framtíðar. Hafa þarf í huga að stór hluti sveitarfélagsins stendur á hrauni. Engin verndar-svæði önnur en nútímahraun eru skilgreind á lóðinni.</p>

Nr. 5 - Umsögn Umhverfisstofnunnar	Viðbrögð
<p>fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.</p>	<p>Vegna þessa verkefnis fór fram vettvangsathugun á jar- myndunum á svæðinu. Megin niðurstaðan var m.a. eftirfarandi: <i>"Fyrirhugaðar framkvæmdir, byggingar og höfn, koma til með að raska Leitahrauni, nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar. Þó eru engar sérstakar eða sjaldgæfar hraunmyndanir að finna innan lóðarinnar og svæðið talið frekar einsleitt."</i></p> <p>Framkvæmdasvæðið er ekki nálægt þeim hellum sem nefndir eru. Að auki hefur farið fram forathugun á jarðgrunni, sem gaf ekki til kynna hellamyndanir á lóðinni.</p> <p>Markmið verkefnisins varðar brýna almannahagsmuni á heimsvísu, sem felur í sér að draga úr kolefnislosun í sementsframleiðslu. Heildaráhrif verkefnisins á loftslag eru verulega jákvæð og verður að skoða í alþjóðlegu samhengi enda áhrifin hnattræn en ekki háð landamærum. Samhliða markmiðum Parísarsamkomulagsins hefur evrópskur sementsiðnaður mótað stefnu að kolefnishlutlausri framleiðslu fyrir árið 2050. Stór hluti af minnkandi kolefnislosun felst í notkun íauka eins og móbergs í sementsframleiðslu. Sú stefna endurspeglast einnig í aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum frá júní 2020.</p>
<p>Efnistaka</p> <p>Í skýrslunni kemur fram að efnisþörf vegna framkvæmda á lóð og við uppbyggingu hafnar- aðstöðu á lóð við Laxabraut er áætluð 1,0 milljón m³. Efnisþörf vegna hafnargerðar er töluvert umfangsmikil og ekki er fyrir séð úr hvaða námum sú efnistaka á að fara fram. Ef efnistaka er fyrirhuguð úr skilgreindum námum t.d. E13 Hafnarsandur þarf að gera grein fyrir umfangi þeirra efnistöku en hún gæti verið tilkynningaskyld vegna matsskyldu skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt er vinnsla jarðefna starfsleyfis skyld sbr. viðauka IV. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig kemur fram að fyrirhuguð sé efnistaka úr sjó við Landeyjarhöfn sem skaffa mun efni til mölunar fyrir mölunarverk- smiðjuna. Umhverfismati þeirra framkvæmdar er ekki lokið en Umhverfisstofnun skilaði inn umsögn við matsáætlun. Umhverfisstofnun vill benda á að stofnunin skilaði einnig inn umsögn vegna fyrirhugaðrar efnistöku í Litla-Sandfelli í Þrengslum.</p>	<p>Líkt og segir í kafla 5.8 í umhverfismatsskýrslu: Komi til þess, þegar nær dregur framkvæmdum við hafnarmann- virki, að þörf er á efni sem ekki fæst úr opnum námum, verður sótt um leyfi fyrir nýjum efnistökuastað þegar þar að kemur. Nýtt verður efni úr nærliggjandi framkvæmdum eftir því sem hægt er, sem er eins og gert hefur verið við stækkun hafnar í Þorlákshöfn. Að auki verða nýttar for- steyptar einingar.</p>

Nr. 5 - Umsögn Umhverfisstofnunnar	Viðbrögð
<p>Loftslag Umhverfisstofnun vísar til fyrri umsagna stofnunarinnar vegna ábendinga um áhrif mölunarverk-smiðjunnar á loftslag, þá bæði umsögn um matsáætlun þessara framkvæmdar og umsögn um efnistöku í Litla-Sandfelli. Þó kemur fram í umhverfismatsskýrslunni að fyrirhuguð efnistaka á landi sé mun minni en í fyrstu var áætlað, en efnistaka úr sjó eigi að spila veiga meiri þátt og þ.a.l. dregur úr þeim miklu þungaflutningum sem efnistaka á landi myndi valda.</p>	<p>Umsögn krefst ekki viðbragða.</p>
<p>Vatnamál Í matskýrslu kemur fram kaldavatnspörf fyrir framleiðsluna séu allt að 3 milljónum m³ á ári eða 95 L/s að meðaltali á ársgrundvelli. Þá er fjallað um vatnafar í fylgiskjali, annars vegar út frá mati Orkustofnunar frá 1995 og líkanaútreikningum Vatnaskila frá 2018, 2019 og 2022. Eins og fram kemur í fylgiskjali um vatnafar er í skýrslum Vatnaskila bent á að staðfesta þurfi líkanreikninga með vatnafarismælingum og nánari upplýsingum um vatnsvinnslu fiskeldisfyrirtækjanna. Þá kemur fram að beinar mælingar á grunnvatnshæð í grennd við Þorlákshöfn séu af skornum skammti og gögn um þykkt ferskvatnslínu við Þorlákshöfn takmörkuð. Umhverfisstofnun bendir á að með samþykkt vatnaáætlunar skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála eru umhverfismarkmið vatnshlota lagalega bindandi og sýna þarf fram á að þau náist. Sömuleiðis má ástand vatnshlötanna ekki hnigna hvorki varanlega né tímabundið. Umhverfisstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir því hvort hætta sé á því að vistfræðilegt og/eða efnafræðilegt ástand þeirra vatnshlota sem verða fyrir áhrifum muni á einhvern hátt hnigna vegna framkvæmdarinnar og fyrirhugaðrar starfsemi og hvort þau munu uppfylla þau umhverfismarkmið sem hafa verið sett fyrir þau í vatnaáætlun. Áhrifamat skal fjalla um: <input type="checkbox"/> Skýran tilgang með áhrifamatinu þ.e. að það er unnið til að meta áhrif framkvæmdarinnar á umhverfismarkmið vatnshlotsins og hvort hætta sé á að ástand vatnshlotsins rýrni miðað við núverandi stöðu. <input type="checkbox"/> Fjalla um stöðu vatnshlotsins í dag <input type="checkbox"/> Gæðabætti í yfirborðsvatni og grunnvatni - hvort að starfsemin geti haft áhrif á þá og valdið því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Þeir gæðabættir sem notaðir eru til að meta ástand yfirborðsvatnshlota þ.m.t. strandsjávarvatnshlota eru eftir því sem við á líffræðilegir (þ.e. hryggleysingjar, svifþörungur, vatnaplöntur), eðlisefnafræðilegir (næringarefni, fosfór, níturat og kísill) og vatnsformfræðilegir eins og fram kemur í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra álagsgreiningu og vöktun. Gæðabættir til mats á ástandi grunnvatnshlota eru breytingar á hæð grunnvatnsyfirborðs (magnstaða grunnvatns), leiðni og styrkur mengunarvalda. Í fylgiskjali með umhverfismatsskýrslu um vatnafar kemur fram að gæðabættir stjórnar vatnamála fyrir grunnvatn, þ.e. um</p>	<p>Í kafla 7.6.2 í umhverfismatsskýrslu kemur eftirfarandi fram: " Miðað við áætlað magn ferskvatns sem streymir til sjávar vestan við Þorlákshöfn (1.000 l/s/km) gæti helm-ingur fersks grunnvatns sem streymir til sjávar á þessari 4 km strandlengju farið í nýtingu. Umrædd vatnstaka væri öll úr grunnvatnshlotinu Selvogsstraumur 3 (104-290-G). Til þess að standast umhverfismarkmið fyrir grunnvatnshlotið um góða magnstöðu, þarf meðalvatnstaka á ári til langs tíma að vera minni en tiltækt grunnvatn og einnig þarf vatnstaka að vera þannig að hún hafi ekki í för með sér innstreymi jarðsjávar."</p> <p>Þá er niðurstaða umhverfismatsins sú að ekki sé ástæða til að gera ráð fyrir mengun vatns né vatnshlota af völdum starfseminnar. Með tilvísun í reglugerð um flokkun vatnshlota er ekki heldur talið að efnafræðilegt ástand í vatnshlotinu muni rýrna, þar sem vatnstaka hafi ekki í för með sér innstreymi jarðsjávar, en magnstaða getur breyst við vatnstöku. Gert er ráð fyrir sjálfbærri nýtingu grunnvatns á svæðinu, þannig að jafnvægi verði milli vatnstöku og endurnýjunar.</p> <p>Í umhverfismatsskýrslu er einnig fjallað um áformaða sameiginlega vöktun fyrirtækja á þessu svæði vegna vatnsvinnslu og að slík vöktun verði bundin í starfsleyfi fyrirtækjanna. Ganga má út frá að kröfur um slíka vöktun í starfsleyfi taki mið af lögbundnum kröfum að þessu leyti.</p> <p>Í kafla 7.6.2 segir að gert sé ráð fyrir rotþró fyrir lífrænan úrgang frá starfsmannaaðstöðu og að fínefni verði hreinsuð úr vatni frá verksmiðjunni í setlónum. Fráveituvatn frá</p>

Nr. 5 - Umsögn Umhverfisstofnunnar	Viðbrögð
<p>magnstöðu og efnafræðilegt ástand hafi ekki verið ákveðin fyrir Selvogsstraum 3 né Ölfusstraum. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að eftirtaldir aðilar séu í matsferli og hyggist á nýtingu grunnvatns; Geo Salmo, Thor landeldi, Landeldi (nú First Water hf.), Laxar (nú Fiskeldi Austfjarða), Arnarlax og Íspór en fiskeldi á Fiskalóni, Núpum og Bakka í Ölfusi er ekki talið hafa áhrif á nýtingarmöguleika í Selvogsstraumi. Fram kemur að samstarf við aðra nýtingaraðila grunnvatns sé hafið m.a. um að standa að rannsóknum um jarðalagagreiningu svæðisins til að meta áhrif framkvæmdanna á grunnvatnið. Slíkt samstarf er nauðsynlegt að mati Umhverfisstofnunar til að meta samlegðaráhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á grunnvatnshlotið Selvogsstraum 3 (104-290-G) með öðrum framkvæmdum og starfsemi sem er til staðar eða er fyrirhuguð á svæðinu.</p> <p>Umhverfismarkmið grunnvatnslota er að vera með góða magnstöðu og vera í góðu efnafræðilegu ástandi. Magnstaða grunnvatnshlotsins hefur ekki verið ákveðin og því er ekki ljóst hvert ástand þess er eða hvað getur talist grunnástand (þ.e. náttúrulegt ástand án álags). Mjög mikilvægt er að magnstaða grunnvatnshlotsins verði metin áður en frekari framkvæmdir koma til. Þá vill Umhverfisstofnun áréttta mikilvægi þess að viðhöfð verði sem ítarlegust vöktun á grunnvatnshlotinu og að í starfsleyfi mólunarverksmiðjunnar sem heilbrigðisnefnd gefur út séu gerðar skýrar kröfur um vöktun á grunnvatni og að framkvæmdaaðilar skili inn áhrifamati vegna starfseminnar til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Einnig þarf að huga að vel að vöktun áhrifa á strandsjávartvatnshlotið Stokkseyri að Þorlákshöfn nr. 103-1341-C. Ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á umhverfismarkmiðum vatnshlotsins getur framkvæmdaraðili sótt um heimild til stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.</p>	<p>verksmiðju mun innihalda salt úr skolvatni en ekki efni sem hætta er á að valdi hnignun á vistfræðilegu og/eða efnafræðilegu ástandi strandsjávartvatnshlotsins Stokkseyri að Þorlákshöfn (103-1341-C).</p> <p>Að framansögðu er ljóst að niðurstaða umhverfismats fyrir mólunarverksmiðju er sú að gæði umræddra vatnshlota eru ekki talin rýrna með tilkomu verksmiðju.</p> <p>Telji leyfisveitandi tilefni og lagaskilyrði til að gera frekara áhrifamat vegna starfseminnar áður en leyfi er gefið út verður tekið á því í leyfisferlinu.</p>
<p>Landfylling</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þarf um stærð landfyllingar, hversu mikið efni þarf í hana og hverskonar efni á að nota í hana. Í tillögunni þarf að koma fram hvort að um opna landfyllingu sé að ræða, en ef er gert ráð fyrir opinni landfyllingu er um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:</p> <ol style="list-style-type: none"> dýpkunarefnum, náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið, fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á. 	<p>Þegar til kemur verður sótt um leyfi til Umhverfisstofnunar fyrir varpi í hafið vegna hafnargerðar sé þess þörf. Um er að ræða hefðbunda hafnargerð með hafnarköntum og varnargörðum. Í hafnargerðina verður notað náttúrulegt ómengað efni, en gerð verður nánari grein fyrir því í leyfisumsókn.</p>

Nr. 5 - Umsögn Umhverfisstofnunnar	Viðbrögð
<p>Umhverfisstofnun getur ekki veitt leyfi til varps í hafið vegna fyrirhugaðra framkvæmda nema sýnt verði fram á að efnið falli undir b-lið 9. gr., þ.e. að um sé að ræða náttúruleg, óvirk efni, og upplýsingar berist samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferðdýpkunarefnis. Aðrar leiðir til endurnýtingar úrgangs þ.e. lokuð landfylling eða fylling á landi er starfsleyfisskylt til heilbrigðisnefndar sbr. 19. tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem og móttaka úrgangs sbr. 72. tl. IV. viðauka sömu laga.</p>	
<p>Lífríki og hafsbotn Fyrirhugaðar hafnarframkvæmdir koma til með að raska fjöru og hafsbotni á framkvæmdasvæðinu. Í viðauka eru niðurstöður rannsókna Rorum á lífríki í fjöru, í sniðum sem tekin eru á stórstreymisfjöru. Í umhverfismatsskýrslunni kemur jafnframt fram að dýpka þurfi svæði þar sem höfnin í Keflavík er fyrirhuguð. Að mati Umhverfisstofnunar er umfjöllun um lífríki og gerð hafsbotnsins á framkvæmdasvæðinu ekki gerð nógu góð skil, hverskonar lífríki er að finna á hafsbotni á framkvæmdasvæðinu og hvers konar hafsbotn er um að ræða, mjúkan eða harðan.</p>	<p>Fjallað er um sjávarbotninn í kafla 7.2.1 í umfjöllun um hafnarsvæðið. Þar segir að "<i>Sjávarbotninn er líklega hraun eða bólstraberg, líklega hulið þunnu setlagi sem er að mestu grjót.</i>"</p> <p>Við nánari skoðun rannsóknaraðila þá var það mat hans að rannsókn á lífríki botns væri ekki forsvaranlegur þar sem um er að ræða mjög brimsama fjöru og ekki hægt að ná botnsýnum með hefðbundnum sýnatökuaðferðum.</p>
<p>Raforkuþörf Heildarraforkuþörf mólunarverksmiðjunnar er talin vera um 60 MW. Miðað við núverandi ástand raforkuinnviða og síendurtekna umræðu um orkuskort samfara skerðingu á afhendingu raforku til stórnotenda á stofnunin erfitt með að sjá hvaðan þessi raforka á að koma. Ekki kemur fram í umfjöllun í skýrslunni hvaðan þessi 60 MW eiga að koma.</p>	<p>Eins og áður er bent á lögbundið hlutverk umsagnaraðila og mikilvægi þess að þeir haldi sig innan síns starfs- og sérsviðs sem þeim er falið lögum samkvæmt að sinna.</p> <p>HPM gerir sér grein fyrir hver staðan er á raforkumarkaði á Íslandi. Fyrirtækið hefur átt samráð við Landsnet varðandi flutning á raforku þegar til þess kemur. Það samráð mun halda áfram þangað til samningar nást. Það sama á við um samtal við orkufyrirtæki varðandi orkukaup, sem ekki eru enn komin á það stig að hægt er að upplýsa um það enda slíkt ekki hlutverk umhverfismats.</p>
<p>Aðgengi almennings meðfram ströndinni Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að á að tryggja skuli aðgengi almennings meðfram sjó þar sem starfsemin er fyrirhuguð í samræmi við. Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við</p>	<p>Vegna öryggissjónarmiða þarf iðnaðarsvæði HPM að vera lokað óviðkomandi umferð. Því þarf að beina umferð fram hjá svæðinu og því verður ekki hægt að ganga um hafnarsvæðið. Unnið verður að slíku í deiliskipulagi verkefnisins í samráði við sveitarfélagið Ölfus.</p> <p>Hafa þarf í huga að gert er ráð fyrir að svæðið verði skipulagt m.a. sem hafnarsvæði í skipulagsáætlunum. Skipulag</p>

Nr. 5 - Umsögn Umhverfisstofnunnar	Viðbrögð
<p>virkanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir meðfram sjónum, svo að útivistargildi skerðist ekki.</p>	<p>svæðisins mun því taka mið af því að þar verði hafnir og hafnarmannvirki, sbr. o-liður 2. mgr. gr. 6.2 í skipulagsreglugerð.</p> <p>Grein 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð kveður á um að við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skuli þess gætt að rýmis sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skuli ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Sérstaklega er þó tekið fram að heimilt sé að reisa „samgöngumannvirki“ nær vötnum, ám og sjó en 50 m og nefnd tiltekin dæmi í því sambandi.</p> <p>Hafnir, varnargarðar og fyrirhleðslur teljast til samgöngumannvirkja og því heimilt að reisa slík mannvirki við sjó. Má í því sambandi t.d. nefna skilgreiningu laga nr. 160/2010 um mannvirki, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna sem fjallar um gildis svið þeirra. Þar segir: „Lög þessi gilda ekki um hafnir, varnargarða eða fyrirhleðslur, vegi eða önnur samgöngumannvirki, svo sem flugvelli, jarðgöng, vegskála eða brýr, aðrar en umferðar- og göngubrýr í þéttbýli.“</p>
<p>Niðurstaða</p> <p>Umfangsmikil efnispörf er við uppbyggingu mólunarverksmiðjunnar á aðalvalkosti sem metin er í umhverfismatsskýrslunni. Skýra þarf betur hvaðan allt efni sem ætlað er úr námum á að koma og gera skýra grein fyrir umfangi þeirra efnistöku, en hún gæti verið tilkynningarskyld framkvæmd skv. lögum nr. 111/2021. Samlegðaráhrif allrar fyrirhugaðrar starfsemi við Laxabraut á grunnvatnshlotið Selvogstraumur 3 (104-290-G) er mjög mikið. Grunnvatnsnotkun mólunarverksmiðjunnar einnar og sér er háð nýtingarleyfi frá Orkustofnun en fyrirhuguð grunnvatnstaka úr Selvogsstraumi 3 má ekki valda því að vatnshlotið nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir það.</p> <p>Umhverfisstofnun telur að nauðsynlegt sé að vinna fyrirhugaðar rannsóknir á samlegðaráhrifum núverandi og fyrirhugaðrar vatnstöku á Selvogsstraumi 3 áður en afstaða er tekin til frekari nýtingar grunnvatns á svæðinu. Mikil uppbygging og nýting á grunnvatni er hjá framkvæmdaaðilum aðliggjandi lóða og annarrar starfsemi ofar í vatnshlotinu, og óvissa er uppi um magnstöðu grunnvatnshlotsins Selvogsstraums 3.</p> <p>Umhverfisstofnun beinir því til starfsleyfisveitanda að óska eftir áhrifamati á vatnshlotin sem starfsemi mólunarverksmiðjunnar getur haft áhrif á.</p>	<p>Sjá svar við umsögnum ofar í töflunni.</p>

Umsögn Vinnueftirlitsins

Nr. 6 - Umsögn Vinnueftirlitsins	Viðbrögð
<p>Mat á umhverfisáhrifum vegna mölunarverksmiðju við Þorlákshöfn varðar ekki hlutverk Vinnueftirlitsins. Leiðbeinandi álit Vinnueftirlitsins er að umfang starfseminnar og eðli efna sé þannig að umhverfishætta sé hverfandi. Vinnueftirlitið hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina fyrir sitt leiti á þessu stigi, en minnr á að við hönnun, framkvæmdir og vinnslu í verksmiðjunni þarf að taka tillit til laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Um starfsemina eða hluta hennar gilda jafnframt eftirfarandi reglugerðir sem heyra undir stofnunina og taka þarf tillit til :</p> <ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> nr. 581/1995 um Húsnæði vinnustaða <input type="checkbox"/> nr. 1005/2009 um Vélar og tæknilegan búnað <input type="checkbox"/> nr. 553/2004 um Verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum <input type="checkbox"/> nr. 390/2009 um Mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnu stöðum <input type="checkbox"/> nr. 1077/2010 um Flutning á hættulegum farmi á landi <input type="checkbox"/> nr. 727/2018 um Tæki sem brenna gasi, ef gas verður notað <input type="checkbox"/> nr. 1050/2017 um Varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, meta þarf hvort magn hráefna sem geymt er geri að verkum að starfsemin falli undir þessa reglugerð. <p>Vinnueftirlitið tekur fram að verja þarf starfsmenn fyrir skaðlegum áhrifum hættulegra efna, ef þau eru til staðar. Fylgjast þarf með magni efna í vinnuumhverfinu og tryggja að styrkur sé innan marka sem getið er í reglugerðum nr. 390/2009 og reglum nr. 429/1995.</p>	<p>Þakkað er fyrir ábendingu Vinnueftirlitsins. Við framkvæmdir og rekstur fyrirhugaðrar verksmiðju verður farið að öllu eftir lögum um aðbúnað og hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og öðrum lögum og reglum sem gilda um slíka starfsemi og varða öryggi á vinnustaðnum.</p> <p>Heidelberg, móðurfyrirtæki HPM, hefur öryggi starfsmann a í fyrirrúmi í daglegum rekstri sem og við framkvæmdir.</p>

Umsögn Vegagerðarinnar

Nr. 7 - Umsögn Vegagerðarinnar	Viðbrögð
<p>Burðarþol vega</p> <p>Vegagerðin vísar í fyrri umsagnir vegna efnistöku í Litla Sandfelli, nú síðast frá 31.janúar 2024 og fyrri umsagnir um efnistöku á Mýrdalssandi 21.febrúar 2023 hvað varðar áhrif á umferð og samgöngumannvirki. Auk þunga-umferðar sem þar er fjallað um er áætlað að við bætist umferð vegna um 70-90 starfa í verksmiðjunni. Þar segir meðal annars:</p> <p>Ófullnægandi ástand vega hefur neikvæð áhrif á umferð og umferðaröryggi og hefur þar með jafnframt neikvæð áhrif á rekstar öryggi þeirra aðila sem reiða sig á öruggar og greiðar samgöngur.</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu fyrir mölunarverksmiðjuna er bent á að nú þegar er talsverð umferð bíla sem og þungaflutningar í og við Þorlákshöfn. Þar er auk þess nánar gerð grein fyrir áhrifum umferðar vegna verksmiðjunnar.</p> <p>Ársdagsumferð á Þrengslavegi er 1900 ökutæki. Þar um fara í dag þung ökutæki, enda eru stórar námur staðsettar aðliggjandi veginum. Náman í Litla-Sandfelli, sem stefnt er að því nota að hluta fyrir mölunarverksmiðju, hefur skilgreinda nýtingu samkvæmt aðalskipulagi sem nemur 625.000 m³ á ári. Stefnt er að því að flutningar úr námunni í verksmiðju muni nema um 500.000 m³ á ári þegar verksmiðjan er komin í fullan rekstur. Sé þeirri umferð skipt jafnt niður yfir árið, nemur það 112 ferðum (fram og til baka samtals) á dag. Slík umferð nemur um 6% heildarumferðar um Þrengslaveg á dag. Miðað við rekstrarleyfi</p>

Nr. 7 - Umsögn Vegagerðarinnar**Viðbrögð**

Mikilvægt er að ástand vega verði ásættanlegt fyrir fyrirhugað viðbótarálag samkvæmt umhverfismatskýrslu.

Til að tryggja viðunandi ástand vegakerfisins þyrfti að flýta framkvæmdum sem lagðar hafa verið til á samgönguáætlun, endurbyggja stærri hluta vega og auka fjármagn til viðhalds. Vegagerðin telur áhrif framkvæmdarinnar á umferð verði verulega neikvæð en ekki óverulega neikvæð eins og segir í matskýrslu. Rétt er að taka fram að fleiri aðilar hafa hug á rekstri sem felur í sér aukningu þungaumferðar á sömu vegum, þ.e. Þorlákshafnarvegi (38) og Þrengslavegi (39). Umsögn þessi nær einungis til þeirrar framkvæmdar sem umhverfismatskýrsla fjallar um.

námunnar má búast við fleiri ferðum úr námunni á Þrengslaveg, óháð mólunarverksmiðju.

Þá má minna á að samkvæmt núverandi áætlunum er gert ráð fyrir minni efnisflutningum á landi en upphaflega var gert ráð fyrir vegna efnisflutninga til mólunarverksmiðju þar sem efni verður einnig flutt sjóleiðis, eins og gerð er grein fyrir í umhverfismatskýrslu. Gert er ráð fyrir að þriðjungur þess efnis sem áformað er að vinna í verksmiðjunni komi úr landnámmum. Það felur í sér flutning um allt að 300.000-500.000 tonnnum árlega í stað um 1.500.000 tonnum. Áætlanir um efnisflutninga á landi vegna starfsemi verksmiðjunnar hafa því minnkað um 70-80% frá upphaflegum áætlunum.

Vegna mikils hlutfall þungaumferðar er þó ljóst, eins og Vegagerðin bendir á, að álag mun aukast umtalsvert. Sú aukning er þó tilkomin frá margþættri uppbyggingu í Þorlákshöfn, s.s. uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, atvinnustarfsemi og hafnarsvæðis og einskorðast því ekki við þetta verkefni. Fyrir liggur aðalskipulag sveitarfélagsins þar sem gert er ráð fyrir umfangsmikilli starfsemi á iðnaðarlóðum vestan Þorlákshafnar þar sem aðalvalkostur mólunarverksmiðju er staðsettur. Skipulag og framkvæmdir við vegi af hálfu sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar verða að taka mið af því skipulagi til framtíðar.

Á þessum tímamarki liggja auk þess fyrir takmarkaðar upplýsingar um samlegðaráhrif vegna flutninga til mólunarverksmiðju við aðra umferð. Í umhverfismatskýrslu er gerð grein fyrir samlegðaráhrifum vegna flutninga við fyrirhugað fiskeldi og bent á að fleiri lóðir séu lausar fyrir nýja starfsemi sem geti falið í sér einhverja þungaflutninga. Aftur á móti eru enn takmarkaðar upplýsingar og forsendur til að meta hvaða starfsemi það geti orðið.

Rétt er að halda til haga að ekki liggur fyrir að lóð fáiast í Þorlákshöfn fyrir efnisgeymslu vegna efnisflutninga frá Mýrdalssandi eða annarra verkefna sem hafa áhrif á umferð á svæðinu. Í umhverfismatskýrslu vegna efnisflutninga frá Mýrdalssandi kemur fram að ekki liggja fyrir hvar lóð fyrir efnisgeymslu verði staðsett en lagt upp með að sótt verði um lóð í Þorlákshöfn. Þá eru takmarkaðar upplýsingar um umferð og endanlegar akstursleiðir í skýrslunni. Jafnframt liggur fyrir að sveitarfélagið Ölfus lýsti því yfir í umsögn sinni að ekki séu hentugar lóðir fyrir efnisgeymslu lausar á því svæði sem bent er á sem fyrsta valkost í skýrslunni og gerðar athugasemdir við verkefnið hvað ýmsa þætti varðar ef eigi að sækja um lóð í sveitarfélaginu, sérstaklega hvað umferð varðar.

Nr. 7 - Umsögn Vegagerðarinnar	Viðbrögð
	<p>Sambærilegar athugasemdir komu fram af hálfu annarra sveitarfélaga sem veittu umsagnir í málinu auk þess sem sveitarstjórn Mýrdalshrepps byggði í sinni umsögn á að ljóst sé skipulag framkvæmdarinnar geti ekki orðið eins og lýst er í umhverfismatsskýrslu og lagt til að efnið verði flutt sjóleiðis.</p> <p>Eins og bent var á í álit Skipulagsstofnunar vegna umhverfismatsskýrslu um efnistöku á Mýrdalssandi, dags. 6. júní 2023, eru áhrif á umferð, umferðaröryggi og hljóðvist afar takmörkuð í skýrslunni og ekki til þess fallin að hægt sé að álykta mikið um líkleg áhrif framkvæmdarinnar á þessa þætti. Skipulagsstofnun bendir þar á að hún hafi gert tilraun til að bæta úr þeim annmörkum í umfjöllun um umferð sú umfjöllun sé háð ýmsum takmörkunum.</p> <p>Samkvæmt þessu er ljóst að ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um hvort og það með hvaða hætti samlegðaráhrif verða vegna efnisflutninga frá Mýrdalssandi eða hlutverk HPM að bæta þar úr. Ekki eru því forsendur til að leggja frekara mat á samlegðaráhrif vegna framkvæmdarinnar en þegar hefur verið tekið tillit til og mikilvægt að umfjöllun taki mið af þeirri framkvæmd sem hér er til skoðunar með hliðsjón af þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir.</p> <p>HPM tekur því undir með Vegagerðinni að þörf er á að tryggja viðunandi ástand vegakerfisins með því að flýta framkvæmdum sem lagðar eru til á samgönguáætlun, endurbyggja stærri hluta vega og auka fjármagn til viðhalds.</p>
<p>Samráð</p> <p>Í umsögn um matsskýrslu kallaði Vegagerðin eftir frekara samráði og samvinnu við framkvæmdaraðila vegna þessa máls sem hefur ekki orðið.</p>	<p>Í umsögn um matsáætlun segir að Vegagerðin "gerir ráð fyrir að frekara samráð verði vegna rofvarna við þjóðveg, tenginga, bílastæða og umferðarþunga."</p> <p>Þá samþykkti skipulags- og umhverfisnefnd Ölfus í júní 2022 að kalla eftir álit Vegagerðarinnar tengdum verkefnum HPM og getu vegakerfisins þar að lútandi.</p> <p>Þessi mál tengjast flest frekari útfærslu framkvæmda á seinni stigum, s.s. deiliskipulagi og mun Vegagerðin koma að því. Fundað var með Vegagerðinni eftir að umsögn barst og farið yfir helstu álitamál. Þar kom m.a. fram að í grunninn þurfi að hafa þurfi samráð um vegtengingu verksmiðju við Suðurstrandarveg í skipulagsvinnunni og huga þurfi sameiginlega að betri tengingu námu við Þrengslaveg, aðrein frá námu til suðurs og möguleg útvíkkun við gatnamót svo umferð komist framhjá bílum sem eru að beygja til vinstri inn að námu.</p>

Nr. 7 - Umsögn Vegagerðarinnar	Viðbrögð
	Nú þegar hefur verið haft samráð við Vegagerðina um ofangreinda þætti og mun því verða haldið áfram á meðan unnið er að deiliskipulagi.
<p>Flutningsleið</p> <p>Í álit Skipulagsstofnunar á matskýrslunni frá 8. desember 2022 kemur fram að:</p> <p>Með hliðsjón að umsögn Vegagerðarinnar sé ekki unnt að hefja stórfelda efnisflutninga úr Litla Sandfelli um núverandi veg til Þorlákshafnar. Sá vegur uppfyllir engan veginn þær kröfur sem gera þarf til Þjóðvegur sem er ætlað að anna jafn umfangsmiklum flutningum og Eden Mining ráðgerir.</p> <p>Vegagerðin tekur undir álit Skipulagsstofnunar að núverandi Þjóðvegur sé ekki búinn undir þá starfsemi sem tillaga að deiliskipulagi gerir ráð fyrir.</p>	Hér er vísað í álit vegna Litla-Sandfells. Taka skal fram að efnisflutningar í mólunarverksmiðju eru áætlaðir 500.000 m ³ á ári þegar verksmiðja er komin í fullan rekstur, í stað 625.000 m ³ áður. Gera má ráð fyrir að full afköst verksmiðju verði ekki fyrr en eftir nokkur ár og því gefst tími til að sinna vegbótum fram að því.
<p>Valkostur 1 – Skötubót</p> <p>Vegagerðin telur að í innsendum gögnum þurfi að gera frekari grein fyrir aðkomu að lóð og hvernig fyrirhugað er að tengingum við Þjóðvegi verði háttáð. Allar framkvæmdir innan veghelgunarsvæði eru háðar samþykki Vegagerðarinnar.</p> <p>Varðandi höfn í valkosti 1</p> <p>Hvað hafnaraðstöðu varðar byggir valkostur 1 á að nýta núverandi hafnaraðstöðu með nauðsynlegum breytingum. Þær breytingar felast í byggingu á nýjum 130 m löngum viðlegukanti, breytingum á varnargörðum, auk stækkunar á innsiglingasvæðum. Kostnaður við breytingar á núverandi höfn er talinn mun minni en bygging nýrrar hafnar í Keflavík samkvæmt valkosti 2. Þar að auki nýtast þær breytingar og viðbætur frekari uppbyggingu hafnarinnar.</p>	Tekin hefur verið ákvörðun um að ekki sé stefnt að uppbyggingu samkvæmt valkosti 1 við Skötubót og því ekki þörf á frekari umfjöllun um tengingar né hafnaraðstöðu þar.
<p>Valkostur 2 - sem er nú aðalvalkostur</p> <p>Í umhverfismatskýrslu er talað um að Laxabraut verði tengd Suðurstranda-vegi á 2-3 stöðum, Vegagerðin minnir á að allar tengingar við Þjóðveg þurfa að vera í samráði við Vegagerðina.</p> <p>Vegagerðin bendir á að umferðaröryggi á Þjóðvegum byggist m.a. á fjölda og þéttleika vegtenginga og kveða veghönnunarreglur á um lágmarks</p>	<p>HPM mun vinna að tengingum við Suðurstrandarveg í fullri samvinnu við Vegagerðina. Ekki er búið að fullmóta tengingar en gert ráð fyrir að þær verði 2-3 eins og fram kemur.</p> <p>Unnið verður að útfærslu tenginga í deiliskipulagi verksmiðjulóðar í samráði við Vegagerðina.</p>

Nr. 7 - Umsögn Vegagerðarinnar	Viðbrögð
<p>fjarlægð á milli vegtenginga. Suðurstrandavegur er stofnvegur af gerð C8 og hraðinn 90km/klst, bil milli tenginga skal vera a.m.k. 400 m ef vegsýn leyfir.</p>	
<p>Varðandi höfn í Keflavík</p> <p>Varðandi valkost 2 bendir Vegagerðin á að aðstæður fyrir höfn í Keflavík eru mjög varasamar. Þar er ekki það sem almennt kallast náttúrulegt hafnarstæði, en það á t.d. við um hafnirnar í Þorlákshöfn og Grindavík. Há alda nær langt inn á vikina sem gerir aðstæður mjög erfiðar, bæði hvað varðar siglingu skipa að og frá höfninni og viðleguskilyrði innan hafnar.</p> <p>Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að gert sé ráð fyrir að löndun sjávarefnis í höfninni verði allt að 21 skip á viku en útflutningur efnis allt að 4 skip á viku. Einhver munur verður á umferð skipa eftir árstíðum. Gert er ráð fyrir að löndun sjávarefna fari fram með skipum eins og Sóleyju og Álfsnes. Þá kemur fram að gert sé ráð fyrir að burðargeta skipa í útflutningi sé 20-30 þúsund tonn. Það geta verið um 170 m löng skip.</p> <p>Vegagerðin bendir á að skip sem komi til með að sjá um þessa flutninga, að og frá höfninni, þurfi að vera með mjög góða stjórnhæfni og að mun meiri kröfu þurfi að gera til skipa fyrir valkost 2, Keflavík, en valkost 1, núverandi höfn í Þorlákshöfn.</p>	<p>HPM gerir sér grein fyrir erfiðum hafnaraðstæðum í Keflavík. Hönnuður hafnar telur að unnt verði að skapa rými til löndunar og útskipunar efnis þaðan. Ljóst er að nýting hafnar verður ekki eins og margra annarra viðlíka hafna á Íslandi, enda ekki þörf á fullri nýtingu hafnarinnar fyrir starfsemi verksmiðju.</p> <p>HPM gerir sér grein fyrir erfiðum hafnaraðstæðum í Keflavík sem krefjast góðrar stjórnunarkunnáttu.</p>
<p>Um valkost 2, Keflavík, kemur fram á skýrslunni að möguleiki sé á að byggja nýja höfn við lóðina fyrir inn- og útflutning. Sýndar eru tvær tillögur að slíkri höfn. Vegagerðin telur að ekki hafi verið sýnt fram á að þær tillögur sem sýndar eru í umhverfismatsskýrslunni muni gangi upp fyrir þá flutninga sem um hana eiga að fara.</p>	<p>Unnið er að hönnun hafnar og þar með talið líkanreikningum út frá þeirri skipaumferð sem áætluð er. Endanleg hönnun verður unnin út frá niðurstöðum slíkra greininga og benda frumniðurstöður til þess að hafnaraðstaða í Keflavík muni uppfylla þarfir HPM fyrir nýtingu hafnarinnar sem og mögulegri viðbótarnýtingu annarra aðila til framtíðar litið.</p>
<p>Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að möguleiki sé á að aðrir aðilar nýti höfnina í Keflavík til flutninga þar sem hún getur annað meiru en áætlaðri umferð. Miðað við þær tillögur að höfn sem sýndar eru í skýrslunni hefur Vegagerðin miklar efasemdir um að það gangi upp. Tillögurnar gera ráð fyrir einum hafnarbakka með allt að 25 skipakomum á viku. Vegagerðin bendir á að hafnarsvæðið er mjög þröngt og erfitt að koma fyrir fleiri köntum, auk þess sem fiskeldislóðir þrengja að beggja vegna á landi.</p>	<p>Stærstur hluti skipakoma mun tengjast löndun á uppdældu efni. Þær skipakomur krefjast þess ekki að skip leggist að kanti heldur mun það tengjast lögn í höfninni. Skipakomur að bryggjukanti verða ekki nema 1-2 á viku að jafnaði. Dæling og þar með losun á sér aðeins stað við hagstæð veðurskilyrði. Skip sem flytja efni frá höfninni munu sæta lagi eftir veðurskilyrðum og eftir atvikum notast við hafnaraðstöðuna í Þorlákshöfn ef um langvarandi óhagstæð skilyrði er að ræða.</p>

Umsögn Hafrannsóknastofnunar

BLAÐSÍÐA 21/42

Nr. 8 - Umsögn Hafrannsóknastofnunar	Viðbrögð
<p>Setlón verða hluti af athafnasvæðinu þar sem sjávarseti verður dælt úr skipum í lónin. Talið er ólíklegt að mikið af finni efnum berist úr setlónum í sjó. Ekki er fjallað um lífræn uppleyst efni sem kunna að berast með því seti sem dælt er upp. Hafrannsóknastofnum telur að það sé mikilvægt að fylgjast með og meta efnasamsetningu þess vatns sem berst aftur til sjávar sem og því vatni sem notað er í mölunarverksmiðjunni.</p>	<p>Út frá þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á sjávar-efni, er ekki gert ráð fyrir miklu lífrænu uppleystu efni, enda er setið grófur sandur 1-2 mm og lítið finefni. Því er ekki talin ástæða til að vakta þennan þátt sérstaklega.</p> <p>Við starfsleyfisgerð á seinni stigum verður farið heildstætt yfir þörf á vöktun frá starfseminni og þar gerðar kröfur um viðeigandi vöktun sem HPM mun ganga að.</p>
<p>Bendir stofnunin á lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, en markmið þeirra er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Áður en farið er í framkvæmdir þarf að gera grein fyrir áhrifum framkvæmda eða starfsemi á vatnshlot til að mögulegt sé að meta hvort þau geti leitt til þess að vatnshlot nái ekki markmiðum laganna um gott vistfræðilegt ástand. Sérstaklega skal horfa til áhrifa á gæðabætti sem samþykktir hafa verið til ástandsflokkunar vatnshlota á Íslandi og þar er átt við vatnsformfræðilega, líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðabætti. Frárennsli frá verksmiðjunni mun gæti flokkast ásamt öðru frárennsli á svæðinu sem staðbundið álag en liggur frárennslið á mörkum tveggja strandsjávarvatnshlota. Vegna stærð strandsjávarvatnshlota og aðstæðna er ólíklegt að frárennsli það sem lýst er í umhverfismatsskýrslunni hafi áhrif á vatnshlotin en bent er á að horfa þarf til alls álags í heild við skipulag á svæðinu.</p>	<p>Krefst ekki viðbragða.</p>

Umsögn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands (NSS)

BLAÐSÍÐA 22/42

Nr. 9 - Umsögn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands (NSS)	Viðbrögð
<p>Aðalskipulag</p> <p>Náttúruverndarsamtök Suðurlands, NSS, áréttu mikilvægi aðalskipulags sveitarfélaga. Aðalskipulag er ekki hugsað sem óútfyllt eyðublað sem síðar verði fönðrað sem tilviljanakennt bútasaumsteppi. Aðalskipulag er unnið til nokkurra ára í senn, að afloknu kynningar- og samráðsferli, auglýsingu, athugasemdafresti, stundum íbúakosningu og loks lögbundinni staðfestingu. Því er ætlað að gefa íbúum vissu að nokkurri framtíðarsýn sem þeir hafa komið sér saman um og eiga því að geta reiknað með að standi í megin dráttum. Þess vegna er ekki ásættanlegt að vikið sé frá því með veigamiklum breytingum sem settar séu fram í formi deiliskipulags samhliða breytingu á aðalskipulagi. Hér er verið að boða veigamikla breytingu á aðalskipulagi sem samþykkt var árið 2022.</p>	<p>HPM er sammála mikilvægi skipulags sem stjórnækis í hverju sveitarfélagi. Lóðin sem sveitarfélagið Ölfus hefur úthlutað fyrirtækinu er skilgreind sem iðnaðarsvæði, en lóðin er hluti af stærra svæði með sömu skilgreiningu. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi snýst um að breyta skilyrðum um starfsemi fiskeldis innan lóðar og rýma þau skilyrði. Að auki er sótt um skilgreiningu á nýju hafnarsvæði utan þéttbýlis.</p>
<p>Samlegðaráhrif</p> <p>NSS gera alvarlega athugasemd við að stórframkvæmdir, með víðtækum breytingum á náttúru lands og sjávar og stefnubreytingu innan afmarkaðs iðnaðarsvæðis, séu hlutaðar niður í sér umfjöllun og afgreiðslu hver fyrir sig, en ekki teknar saman þar sem þær eru órofa samþættar hver annarri. Þannig háttar til um umhverfismatsskýrslu og einnig tillögu að deiliskipulagi fyrir hluta af iðnaðarsvæði I3 samhliða breytingu á aðalskipulagi og þar til viðbótar nýju hafnarsvæði því tengdu. Hér eru til umfjöllunar áform HeidelbergCement Pozzolan Materials ehf. (HPM) um mólunarverksmiðju við Þorlákshöfn og nýtt hafnarsvæði því tengt og við skoðum þau jafnframt í samhengi við þau efnistökusvæði á landi og í sjó sem eru klárlega samtengdar mólunarverksmiðjunni og nýju höfninni.</p> <p>Það er mat NSS að þessa framkvæmd eigi að skoða og afgreiða samhliða öðrum framkvæmdum þeim tengdum, sem eru námasvæði og flutningaleiðir. Mólunarverksmiðja sem á að mylja steinefni í duft, efnistökusvæði fyrir þau steinefni sem á að mala, flutningar á efni milli efnistökusvæða og verksmiðju, höfn sem á bæði að þjóna uppskipun þess hluta efnanna sem sótt verða af hafsbotni útifyrir Suðurströnd Íslands og útskipun steinefna bæði malaðra og ómalaðra, verða ekki hvert um sig án hinna. Samanlagt eru þær stórfelld breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss og teygja umhverfisáhrif þeirra</p>	<p>Unnið er samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í þeim lögum er ekki gert ráð fyrir að mismunandi framkvæmdir séu metnar saman. HPM hefur eins og kostur er reynt að kynna saman skipulag mólunarverksmiðju og umhverfismat, en ofangreind lög hvetja til slíks vinnulags sé þess nokkur kostur. Í því samhengi var haldinn sameiginlegur kynningarfundur í Þorlákshöfn 23. janúar á skipulagslýsingu aðal- og deiliskipulags og niðurstöðu umhverfismats verksmiðju. Gögn vegna þessa voru einnig til kynningar á sama tíma á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.</p> <p>Umhverfismat námu í Litla-Sandfelli fór fram árið 2022 og lauk með álit Skipulagsstofnunar í desember það ár. Eden Mining er framkvæmdaraðili. Starfsemi þeirrar námu getur farið fram án mólunarverksmiðju þó gert sé ráð fyrir að nýta efni þaðan til mólunar, þó minna en fyrstu áform gerðu ráð fyrir.</p> <p>Unnið er að umhverfismati efnistöku í sjó utan við Landeyjasand. HPM er framkvæmdaraðili. Hagkvæmni efnistöku á þeim stað kom fram eftir að matsferli verksmiðju hófst og er því aðeins seinna á ferðinni.</p> <p>Sveitarstjórn Ölfuss hefur gefið það út að kosið verði um deiliskipulag verksmiðjulóðar í opinni íbúakosningu í sveitarfélaginu. Á þeim tíma munu öll gögn sem tengjast málinu verða komin fram þannig að hægt sé að taka upplýsta ákvörðun.</p>

Nr. 9 - Umsögn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands (NSS)	Viðbrögð
<p>sig ennfremur langt útfyrir þau á haf út. Þessa miklu breytingu þarf að skoða í samhengi og í einu. Skipulag er stór áhrifaþáttur í umhverfismálum.</p> <p>NSS áréttar því að fjalla þarf samtímis um allar umhverfismatsskýrslur og skipulagsbreytingar á öllum þeim svæðum sem þessar framkvæmdir eru áformaðar á. Hér er aðeins til umsagnar Umhverfismatsskýrsla fyrir mólunarverksmiðju við Þorlákshöfn, en hana skoðum við samhliða skipulagslýsingu fyrir sama svæði frá því í nóvember 2023. Jafnframt telja NSS að þurfi að kynna bæði umhverfismatsskýrslu og skipulagslýsingu fyrir efnistökusvæði bæði á landi og í sjó, fyrir umrædda mólunarverksmiðju, en það er ekki gert hér.</p>	
<p>Mólunarverksmiðjan</p> <p>Mólunarverksmiðja HPM er áformuð á svæði sem í aðalskipulagi Ölfuss kallast I3. Í skipulagslýsingu er marg áréttað að svæði I3 sé í aðalskipulaginu skilgreint sem iðnaðarsvæði og síðan hverskonar starfsemi falli undir iðnaðarsvæði. Minna er hins vegar gert úr því að þetta tiltekna iðnaðarsvæði hefur um all nokkurt skeið verið merkt fyrir fiskeldi á landi og skylda starfsemi og þeir rekstraraðilar sem þar eru nú þegar hafa því talið að starfsemi sín sé einmitt í slíkum félagsskap, en ekki óskyldum iðnaði sem getur getur valdið mjög óheppilegum umhverfisáhrifum. Tilkoma þessarar mólunarverksmiðju mitt á milli núverandi starfsemi í fiskeldi gæti því verið alvarlegur forsendubrestur fyrir rekstri fiskeldisfyrirtækjanna. Í umhverfismatsskýrslunni er fullyrt að engin loftmengun verði út frá mólunarverksmiðjunni, af því að allt efni verið malað í okuðu húsnæði með góðum hreinsibúnaði og ennfremur geymt og flutt í lokuðum búnaði. Þar með er ekkert sagt um það hvaða mengun gæti hlotist af ef svo illa færi að fín malað efnið bærst út. Þetta telja NSS vera ófullnægjandi rök og að vísa þurfi til þess hvernig til hefur tekist í öðrum samþætilegum mólunarverksmiðjum.</p> <p>Í umhverfismatsskýrslunni er getið um hljóðmengun og að vegna góðrar hljóðeinangrunar og þess að ekki verði malað um nætur og helgar, verði hljóðmengun lítil í þéttbýli Þorlákshafnar. NSS telur að með þeirri fullyrðingu sé ekki gætt að því hvaða byggðapróun sé stefnt að með þéttbýlinu í Þorlákshöfn eða fyrir atvinnugreinar sem eiga litla eða enga samleið með mólunarverksmiðjunni. Ekki er heldur skýrt hvernig viðmið fyrir hljóðvist haldast ef framleiðslutími eykst í framtíðinni og verður allan sólarhringinn. Þá kemur</p>	<p>Samstarf hefur verið haft við fiskeldisfyrirtæki á svæðinu og eru þau meðvituð um starfsemi verksmiðjunnar. Vilji er til þess að eiga samstarf um efni sem fæst úr grunnnum til þess að minnka kolefnisspor framkvæmda, en einnig er líklegt að gott efni fái úr grunnnum. Einnig er stefnt að samvinnu varðandi vatnsóflun og nýtingu vatns, sem og vöktun á vatnsauðlindinni á rekstrartíma. HPM telur að góð samvinna geti orðið á milli aðila á þessu skilgreinda iðnaðarsvæði og þeir aðilar séu bærir til að gæta hagsmuna sinna að þessu leyti.</p> <p>Mólunarverksmiðju svipar um margt til sementsverksmiðja sem staðsettar eru víða um heim og var ein slík m.a. starfrækt í miðbæ Akraness. Mjög algengt er að slíkar verksmiðjur séu staðsettar nálægt íbúðarbyggð án vandkvæða, enda eru gerðar miklar kröfur til loftgæða og annarra heilbrigðisþátta s.s. hljóðvistar og titrings.</p> <p>Þá má nefna að málsmeðferð þessa máls fer eftir gildandi lögum og reglum sem og stöðu skipulagsmála hverju sinni. Hvorki sveitarfélaginu né stjórnvöldum sem koma að ferlinu er heimilt við ákvarðanatöku tengdri mólunarverksmiðjunni að líta til sjónarmiða sem kunna að koma til í framtíðinni.</p>

Nr. 9 - Umsögn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands (NSS)	Viðbrögð
<p>heldur ekkert fram um mögulegan titiring frá mölunarvélum og álag vegna umferðar stórra flutningstækja, fyrir aðra nærliggjandi starfsemi.</p>	
<p>Setlón</p> <p>Á lóð mölunarverksmiðju HPM er áformað að vera með setlón þangað sem losuð verði jarðefni fengin af sjávarbotni. Lýsingu er ábótavant á því hvernig þau efni verði meðhöndluð meðan þau eru þar, síuð og úrgangur losaður úr setlóninu. Bæði þarf að tryggja að ekki verði fok frá setlóninu og að úrgangur frá því valdi ekki umhverfismengun. Í skýrslunni kemur fram að bæði séu áform um útflutning á fínmöluðu efni og einnig á ómeðhöndluðu efni. Ekkert er að finna um það hvernig ómeðhöndlaða efnið verði geymt á sófnunartíma þess. Ekkert er getið um það hvort úrgangur falli til þegar efni verður tekið til meðhöndlunar og þar með ekki á hvern hátt honum verði fargað.</p>	<p>Vísa er í umfjöllun um setlón í kafla 5.3 í umhverfismatsskýrslu. Efnið sem dælt er á land er sandur sem ekki er fínefnaríkur. Í sambærilegum setlönnum Björgunar í Álfsnesvík sýnir reynslan að setefni berist ekki til sjávar úr setlönnum. Ekki er gert ráð fyrir að efnið þorni í setlönnum og hætta verði á rykmengun.</p> <p>Líkt og fjallað er um í kafla 5.2 mun allt efni sem kemur inn á svæðið fara úr móttökustæðu í geymslubyggingu. Efni sem fer ekki í mölun mun fara úr geymslubyggingu beint í skip.</p>
<p>Raforka</p> <p>Um orku til starfseminnar er vísað til þess að nú þegar sé Landsnet að undirbúa að leggja nýja raflínu frá Hveragerði til Þorlákshafnar og þess iðnaðarsvæðis sem sé þar vestur af. Því má reikna með að ekki verði um ný orkumannvirki að ræða fyrir þetta verkefni.</p>	<p>Samtal við orkufyrirtæki hefur átt sér stað og mun halda áfram. Ýmsir orkuframleiðendur stefna á uppbyggingu raforkumannvirkja sem verður það viðbót við núverandi flóru.</p>
<p>Vatn</p> <p>Verksmiðjan mun þurfa að nota nokkurt magn af vatni við framleiðslu sína. Áform um þá vatnsöflun eru mjög óljós. Þar er m.a. talað um að nýta affallsvatn frá annarri nærliggjandi starfsemi, en ekkert kemur fram um það hversu mögulegt eða líklegt það sé. Því er vatnsöflun til starfseminnar ekki ljós ennþá og þar með ekki hvernig hún fellur að sameiginlegri vatnspörf og vatnsöflun alls iðnaðarsvæðisins.</p>	<p>HPM er ekki sammála því að umfjöllun um vatnsöflun sé óljós. Líkt og fjallað er í um í kafla 5.6 mun verksmiðjan þurfa 95 l/s af vatni í framleiðslu sína í fullri starfsemi. Til að byrja með verður notað vatn úr borholum sem boraðar verða sérstaklega. Stefnt er að því á seinni stigum að endurnýta vatn sem aðlæg fiskeldisfyrirtæki nota í starfsemi sinni og hefur samtal átt sér stað við fiskeldisfyrirtækin vegna þessa.</p>
<p>Hafnarmannvirki</p> <p>Þótt áform um mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn séu ekki alveg ný, þá er staðsetning hennar á I3 nýlega til komin og áformin um nýja höfn þar fyrir framan, í vík sem kallast Keflavík. Í Keflavík er ekkert náttúrulegt hafnarstæði, hvorki náttúrulegt skjól né dýpt. Því þarf bæði að afla og flytja stórgrýti að fyrir hafnargerð og sjóvarnargarða og að ráðast í dýpkun á hafnarlægjunu. NSS</p>	<p>Samhliða umhverfismati og skipulagsvinnu hefur verið unnið að forhönnun hafnar í Keflavík. Ljóst er að veðurfarslegar aðstæður geta verið krefjandi á þessum stað. Þrátt fyrir það er talið að unnt verði að byggja hafnarstæði sem varið er varnargörðum og er það kynnt í skýrslunni.</p>

Nr. 9 - Umsögn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands (NSS)	Viðbrögð
<p>telur að gera þurfi meiri rannsóknir á þessu hafnarstæði en fram eru komnar í umhverfismatsskýrslunni. Þar þarf að skoða betur bæði tæknilega útfærslu verksins á framkvæmdatíma og rekstrartíma og umhverfisleg áhrif á lífríki og aðra nærliggjandi starfsemi. Einnig þarf að meta öryggi í siglingum til og frá höfninni og umhverfisáhrif skipsskaða og missis farms. Á kynningarfundum sem HPM hélt í Þorlákshöfn nýverið, var kynnt að á lóð sem liggur að lóð HPM og höfn þeirra sé horft til þess að komi einhver aðili sem gæti nýtt þessa höfn. Brýnt er að ef af þessari höfn verður, þá verði strax ákveðið hvaða mörk henni verða sett um hverskonar efnisflutningar mega eða mega ekki fara þar um.</p>	<p>Í umhverfismati fyrirhugaðrar efnistöku utan Landeyjasands er fjallað um áhættu af skipasiglingum á þessari leið.</p> <p>Yfirvöld í Þorlákshöfn hafa velt upp þeim möguleika að fyrirhuguð höfn gæti nýst fyrir aðra flutninga en mölunarverksmiðju. Í deiliskipulagi lóðar og hafnar verður gert ráð fyrir lóð aðlægrri mölunarverksmiðju, þar sem unnt væri að hafa aðstæður fyrir aðra starfsemi. Þó er ljóst að slík starfsemi yrði ekki umfangsmikil.</p>
<p>Efnistaka í sjó</p> <p>Í áformum um mölunarverksmiðju HPM kemur fram að ætlunin sé að afla stórs hluta jarðefna til verksmiðjunnar með efnistöku á grunnsævi útífyrr Suðurströndinni. Ekkert er um þá efnistöku í matsskýrslunni, en NSS telur bæði rétt og brýnt að taka þann þátt með í heildar mati á framkvæmdinni, enda er sú efnistaka algjör forsenda bæði mölunarverksmiðju og hafnar. Ekki er einu sinni ljóst hvar og hvernig eigi að sækja þá möl. Þar með er heldur ekkert um þau umhverfislegu áhrif sem sú malartaka getur haft, en þau geta verið mjög margvísleg, náð til lífríkis sjávar og fugla, hrygningarstöðvar fiska og rót á tilflutningi sets. Ekkert er heldur um það hvernig leyfa verði aflað fyrir því malarnámi.</p>	<p>Efnistaka undan strönd Landeyja- og Eyjafjallasand er í sér umhverfismatsferli líkt og fram kemur í kafla 5.10.2. Þar er fjallað um þau málefni sem NSS setur fram.</p>
<p>Efnistaka á landi</p> <p>Í öllum áformum um mölunarverksmiðjuna eru áform um að afla steinefna með námavinnslu á landi og að þar verði einkum sótt eftir móbergi. Sú efnistaka er heldur ekki inni í umhverfismati því sem hér hefur verið lagt fram. NSS áréttar hversu brýnt er að taka alla námuvinnslu fyrir þessa mölunarverksmiðju fyrir samhliða verksmiðjunni. Þarna er ekki bara um að ræða hvaða jarðefni og hvar þau verða tekin, heldur þarf að skoða þau áform í víðara ljósi, hvort réttmætt sé að mala heilu fjöllin til grunna eða gryfju og hvar megi þá gera slíkt og hvar ekki. Við hvað á að miða í því? NSS telur að ákvörðun um landnot og ásjúnd lands þurfi að taka heildrænt. Það má ekki vera einkamál sérhvers landeiganda hvort hann geti skilmálalaust fjarlægt smá eða stór fjöll, eða breytt útliti þeirra verulega. Með mölunarverksmiðjunni eru nú boðuð áform um að afmá Litla-Sandfell og einnig að auka stórlega magn og hraða efnisnáms úr Lambafelli. Ef einstaka landeigendur geta ákveðið að fjarlægja</p>	<p>Efnistaka úr Litla-Sandfelli er í sér umhverfismatsferli líkt og fram kemur í kafla 5.10.2.</p> <p>Vísað er til viðbragða við umsögnum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Vega-gerðarinnar vegna sömu efnisþátta.</p> <p>Það er hvorki á forræði HPM né viðfangsefni þessa umhverfismats að móta stefnu ríkis og sveitarfélaga vegna efnistöku eða fjalla um möguleika annarra landeigenda til efnistöku í landi sínu en slíkt sett fram í skipulagsáætlunum hverju sinni.</p>

Nr. 9 - Umsögn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands (NSS)	Viðbrögð
<p>fjöll, þarf þá ekki að gæta jafnræðis gagnvart öðrum landeigendum sem dettur slíkt í hug líka? Hvernig ætla sveitarstjórnir og ríkisstofnanir að setja mörk um það hversu stórum og mörgum fjöllum megi moka burt, hvaðan og af hvaða ástæðum? Verði slík stefnumörkun ekki sett, þá hafa leyfisveitendur engar reglur til að vísa í þegar þeir samþykkja eða hafna hugmyndum um að taka fjöll í nefið. Því telur NSS að móta þurfi landsviðmið um mögulegar stórfelldar breytingar á landslagi og takmarkanir á þeim. Fram að því er ekki ásættanlegt að samþykkja svo stórfellt malarnám sem hér er boðað. Efnisnám á landi þýðir í öllum tilvikum flutning efnis frá námum að verksmiðjum, notkunarstöðum eða sölustöðum (svo sem útflutningsstöðum). Þar sem malarnámur fyrir mölunarverksmiðjuna eru ekki teknar fyrir í þeirri matsgerð sem hér er til umsagnar, þá er heldur ekkert um það hvernig eigi að flytja efnið til verksmiðjunnar og hvaða áhrif verða af þeim flutningsleiðum. NSS telur þessi vinnubrögð óhæf. Ljóst er að svo umfangsmiklir efnisflutningar sem þarna eru boðaðir verða að vera hluti af mati á áhrifum mölunarverksmiðjunnar. Það er jú engin mölunarverksmiðja að mylja ekkert grjót.</p>	
<p>Hnattræn áhrif grjóttrölla Í umhverfismatsskýrslunni er nokkru þúðri varið í það að vegsama notkun á íslensku fjalladufti og fjörusandi til þess að draga stórlega úr kolefnisspori sements á heimsvísu. Í heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem haldin var í Rio de Janeiro í Brasilíu árið 1992, var lagt að ríkjum að hugsa hnattrænt og framkvæma heimavænt um leið. Sú ráðstefna var stefnumarkandi upphaf að alþjóða samvinnu í umhverfismálum og þar á meðal um loftslag. Í því umhverfismati sem hér er til umfjöllunar er látið eins og hlutverk íslenskrar náttúru sé að lappa upp á framlag umhverfisböðla úti í heimi með því að moka eigin náttúru í þá hit. Jafnvel þótt íslenskt fjalladuft minnki umhverfisspor einhverrar steypu erlendis, er fráleitt að meta það sem svo að þau upphefji allt það umhverfisrask og bein kolefnisspor sem leiða af því hér á heimavelli að bryðja í það duft. Umhverfissvænn árangur á heimsvísu er samanlagður umhverfissvænn árangur á sérhverjum heimavelli, líka í Sveitarfélaginu Ölfusi.</p>	<p>Fyrirhuguð vinnsla HPM á Íslandi er einmitt í góðu samræmi við yfirlýsingu Ríó ráðstefnunnar á sínum tíma, þar sem megin stefið var "think globally, act locally". Með nýtingu á umhverfissvænu íslensku steinefni verður unnt að minnka kolefnisspor steinsteypu á heimsvísu, en sement er algengasta byggingarefni í heiminum og hefur marga ótvíræða umhverfiskosti.</p> <p>Loftslagsváin er eitt stærsta vandamál samtímans sem virðir ekki landamæri. Heildaráhrif verkefnisins á loftslag eru verulega jákvæð og verður að skoða í alþjóðlegu samhengi enda áhrifin hnattræn en ekki háð landamærum. Samhliða markmiðum Parísarsamkomulagsins hefur evrópskur sementsiðnaður mótað stefnu að kolefnishlutlausri framleiðslu fyrir árið 2050. Stór hluti af minnkandi kolefnislosun felst í notkun íauka eins og móbergs í sementsframleiðslu. Sú stefna endurspeglast einnig í aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum frá júní 2020. Þar kemur m.a. fram að stefnt sé að því að vinna markvisst að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggingariðnaði og mikilvægt sé að draga úr losun sama hvar hún er bókfærð.</p>

Umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss

BLADSÍDA 27/42

Nr. 10 - Umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss	Viðbrögð
<p>Sveitarfélagið telur umhverfismatsskýrsluna gefa góða mynd af þeirri framkvæmd sem fyrirhuguð er og áhrifum sem hún kann að hafa á nærumhverfi. Vísað er til fyrri umsagna um framkvæmdina og áskilja fulltrúar sveitarfélagsins sér rétt til að taka nánari afstöðu til hennar á síðar skipulagsstigum.</p> <p>Skipulagsyfirvald er í höndum Sveitarfélagsins Ölfuss sem einnig er leyfisveitandi vegna útgáfu á framkvæmda- og byggingarleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda eftir því sem við á. Til stendur að haldin verði íbúakosning um framkvæmdina áður en af henni verður.</p>	<p>Ekki er þörf á viðbrögðum við umsögninni.</p>

Umsögn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Nr. 11 - Umsögn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar	Viðbrögð
<p>Brunavarnarsviði Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar barst umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun vegna fyrirhugaðrar mólunarverksmiðju í þorlákshöfn. Umsögn er gefin í samræmi við 4.2.2 gr. og 4.2.3 gr. Skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.</p> <p>Brunavarnarsvið HMS gerir ekki efnislegar athugasemdir við fyriráætlanirnar. Brunavarnarsvið vill þó benda á að haft sé samráð við Brunavarnir Árnassýslu og tekið verði tillit til getu og áhættumats Brunavarna Árnassýslu.</p>	<p>Við frekari framgang verkefnisins í undirbúningi leyfisumsókna verður haft samráð við Brunavarnir Árnassýslu hvað varðar þá þætti sem eru á starfssviði þess.</p>

Umsögn Ásu Berglindar Hjálmsdóttur

BLAÐSÍÐA 28/42

Nr. 12 - Umsögn Ásu Berglindar Hjálmsdóttur

Viðbrögð

Valkostir

Sem íbúi í Ölfusi mótmæli ég harðlega fyrirætlunum um að byggja mölunarverksmiðju í Ölfusi.

Báðir kostirnir sem hér er fjallað um eru hörmulegir. Sá fyrri um að setja verksmiðju í túnfótinn á þorpinu er glæpsamlega brjáláður og hinn er litlu skárri. Eins og þetta lítur út fyrir mér sem íbúa, þá var hér telft fram svo hörmulegum valkosti til að byrja með að þó svo að sá seinni sé einnig hörmulegur þá er hann þannig skömminni skárri að fólk telji hann álitlegri frekar en þann sem var upphaflega kynntur. Þetta er þekkt aðferð til að ná einhverju í gegn, að byrja á að kynna eitt-hvað sem er óhugsandi og láta svo næstversta kostinn fylgja á eftir sem lítur þá "betur" út. Það er aðeins einn kostur sem kemur til greina af þeim sem fjallað er um í umhverfismatskýrslunni og það er núllkosturinn, að hér verði ekki reist einasta verksmiðja.

Ég geri athugasemd við það að verkefnið í heild sinni sé ekki lagt fram sem eitt og sama verkefnið. Verksmiðjan rís ekki án efnisstökusvæða, þau eru forsenda og því ætti að fjalla um þetta heildstætt. Mólunarverksmiðjan samræmist ekki aðalskipulagi né þeirri ímynd og stefnu sem byggð hefur verið upp síðustu áratugi í sveitarfélaginu um að sækja fram í umhverfsvænni matvælaframleiðslu. Ef ég væri með milljarða fjárfestingu í landeldi og fengi svo grjótmólunarverksmiðju við hliðina á mér myndi ég telja það algjöran forsendubrest af hálfu þess aðila (sveitarfélagsins) sem seldi mér þá hugmynd að hér væri verið að sækja fram í umhverfsvænni matvælaframleiðslu. Þar fyrir utan þá rann atvinnustefna sveitarfélagsins Ölfuss út fyrir 4 árum og er því sveitarfélagið umboðs- og stefnulaust að vinna að verkefni eins og þessu sem verður að teljast mikil stefnubreyting í uppbyggingu atvinnulífs í Þorlákshöfn, án alls samtals við íbúa í sveitarfélaginu. Það að tala um að íbúakosningar verði þegar verkefnið er svo gott sem komið á koppinn er ekki forsvaranlegt og á meðan vinnur fyrirtækið að því hörðum höndum að kaupa sér velvilja íbúa með háum fjárhæðum til ýmsa félagasamtaka og íþróttafélaga. Nú þegar hangir stórt auglýsingaskilti uppi í íþróttahúsi bæjarins og blasir við öllum sem þangað fara til að stunda íþróttaiðkun. Þetta eru þekktar og fullkomlega siðlausar aðferðir sem fyrirtækið er að nota, áður en það er með eina

það er ekki tilgangurinn að leggja fram valkost 1 til þess að láta valkost 2 líta betur út. Við nánari skoðun verkefnisins, þegar ljóst var að unnt var að nýta sjávarefni sem hráefni í verksmiðjuna, reyndist lóðin við Þorlákshöfn of lítil og því þurfti að leita annarra leiða. Því er valkostur í Keflavík settur fram sem aðalvalkostur.

Unnið er samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021. Í þeim lögum er ekki gert ráð fyrir að mismunandi framkvæmdir séu metnar saman. Námuvinnsla bæði á landi og sjó er í sér umhverfismatsferlið líkt og fjallað er um í kafla 5.10.2 í umhverfismatskýrslunni.

Samtal hefur átt sér stað við aðila sem huga að uppbyggingu fiskeldis á svæðinu og eru þeir meðvitaðir um áform HPM.

Stefnt er að því að kosið verði um deiliskipulag verkefnisins sumarið 2024.

Nr. 12 - Umsögn Ásu Berglindar Hjálmsdóttur	Viðbrögð
<p>einustu starfsemi í bænum, í þeirri von að kaupa sér atkvæði þegar loksins kemur að íbúakosningu.</p>	
<p>Aðalskipulag</p> <p>Í umhverfismatsskýrslunni er verkefnið rökstutt í samræmi við svæðis og/eða aðalskipulag. Í Aðalskipulagi Ölfuss eru talin upp megin markmið sem falla á engan hátt að verkefni Heidelberg. Þar segir m.a. að landnýting skuli stuðla að heilnæmu umhverfi, verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Að Ölfus stuðli að hagkvæmri nýtingu orkulinda og að nýtingin sé sjálfbær, byggir á samfélagslegri ábyrgð, skapar loftslagsvæna byggð og standa vörð um vernd grunnvatns sem auðlindar. Fyrirætlanir um að moka niður Litla Sandfelli í heild sinni, Lambafelli og væntanlega fleiri fjöllum þegar fram líða stundir eru í eðli sínu ekki sjálfbærar aðgerðir. Námuvinnsla á hafsbotni hefur ekki verið rannsökuð svo hægt sé að byggja verkefnið á þeirri efnistöku. Ísland á aðild að Alþjóðanáttúruverndarsambandinu sem leggur til að skoða þurfi afleiðingar námuvinnslu á hafsbotni betur áður en að leyfi verði gefin út til efnistöku. Alþjóðahafsbotsstofnunin styðja alþjóðlegt bann við námuvinnslu á hafsbotni, þar til meira er vitað um áhættuna af slíkri vinnslu gagnvart vistkerfum sjávar og hægt er að tryggja að hún hafi ekki neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni.</p>	<p>Ölfus hefur í nýsamþykktu aðalskipulagi ákveðið að umrætt svæði sé skilgreint sem iðnaðarsvæði. Í skipulagsreglugerð segir um iðnaðarsvæði m.a. eftirfarandi: "<i>svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir.</i>" Í nógildandi aðalskipulagi segir að á reit I3 sé gert ráð fyrir fiskeldi og tengdri starfsemi. Samhliða umhverfismati er unnið að breytingu á aðalskipulagi sem m.a. felur í sér breytingar á orðalagi hvað viðkemur nýtingu á iðnaðarsvæðinu.</p> <p>Námuvinnsla bæði á landi og sjó er í sér umhverfismatsferli líkt og fjallað er um í kafla 5.10.2 í umhverfismatsskýrslunni.</p>
<p>Vatnsnotkun</p> <p>Fyrirhuguð vatnsnotkun Heidelberg er gríðarleg það þarf að kanna til hlítar hvernig áhrif á grunnvatn kemur til með að verða þegar tekið er tillit til allrar vatnsnotkunar sem fyrirhuguð er í sveitarfélaginu Ölfusi. Þá er líka ábyrgðarhluti hvernig viðkvæm auðlind eins og grunnvatn er nýtt og tel ég ekki réttlætanlegt að nýta hana í að þvo grjót í þessu magni.</p>	<p>Líkt og fram kemur í kafla 7.6.3 eru áhrif vegna vatnstöku HPM ein og sér metin óveruleg, en samlegðaráhrif nokkuð neikvæð og er það tilkomið vegna áforma um mikla vatnstöku annarra aðila á aðlægum svæðum.</p> <p>Líkt og segir í kafla 7.6.2 um mótvægisáðgerðir þá hafa nýtingaraðilar grunnvatns í nágrenni Þorlákshafnar tekið sig saman og stefna að borun rannsóknar- og vöktunarhola á svæðinu. Líkt og segir í kafla 7.6.3 um vægi áhrifa á vatnafar þá er viðmiðið í matinu að með vöktun vatnstökuaðila verði komið í veg fyrir að vatnstaka skaði vatnafar svæðisins.</p>
<p>Samfélag</p> <p>Í aðalskipulagi Ölfuss segir einnig að meginmarkmið sé að taka mið af þörfum íbúa á öllum aldri og skapa góð búsetuskilyrði fyrir alla. Hér er stór hluti íbúa sem sækir</p>	<p>Umferð mun aukast um Þorlákshafnarveg og Suðurstrandarveg eins og fram kemur í kafla 7.4.2 í umhverfismatsskýrslu. Aukning um Þorlákshafnarveg nemur um 4,2 % árlega miðað við núverandi umferð.</p>

Nr. 12 - Umsögn Ásu Berglindar Hjálmsdóttur

Viðbrögð

vinnu og skóla til höfuðborgarsvæðisins og grundvallarforsenda fólks er öryggi. Það er óhætt að segja að við núverandi stöðu eru margir á mörkum þess að upplifa sig örugga á Þorlákshafnarvegi sem og í Þrengslum með allri þeirri þungaflutningumferð sem er til staðar og ekki er á það bætandi með risavöxnum efnisflutningum sem fyrirhugaðir eru úr Þrengslum í mölunarverksmiðjuna í Þorlákshöfn. Það er án efa forsendubrestur fyrir búsetu einhverra íbúa í sveitarfélaginu þar sem þörfum þeirra um öryggi er ekki mætt.

Það er fátt ef nokkuð í þessu verkefni sem færa má undir það að vera sjálfbært eða umhverfisvænt fyrir Ísland og hvað þá okkur sem búa í sveitarfélaginu. Verkefnið snýst m.a. um að moka niður heilu fjalli eins og það leggur sig, stunda námugróft á hafsbót, leggja undir sig land fyrir 1.000.000 m² byggingarmagn, sem er eins og 140 fótboltavellir í fullri stærð og auka umferð stórra skipa og vöruflutningabíla með tilheyrandi mengun.

Störfín sem skapast eru einsleit og ekki mörg ef horft er til allra þeirra starfa sem fyrir séð er að skapist í sveitarfélaginu á næstu misserum með landeldi og öðrum fyrirtækjum sem eru að byggjast upp. Það hefur einnig verið bent á það úr mörgum áttum að meintur loftslagsávinningur verkefnisins sé mjög óljós og að sýna þurfi betur fram á hann, m.a. með því að meta að fullu heildaráhrif framkvæmdarinnar og tengdrar starfsemi, svo sem flutninga frá námum og flutninga með skipum til og frá Evrópu. Aðeins þannig sé hægt að meta raunveruleg áhrif framkvæmdarinnar og verkefnisins í heild á loftslagið. Ávinningur sem hefur verið talað um að fylgi verkefninu er ómarktækur að mínu mati á meðan ennþá er verið að brenna kol og uppsafnaðir haugar til af flugösku sem hægt er að nýta í áratugi í viðbót.

Hér er verið að nýta Þorlákshöfn og auðlindir á Íslandi til að grænþvo einn stærsta sementsframleiðanda í heiminum sem ber sóttsvart fótspor fyrir mannréttindabrot og hefur þurft að greiða hundruð milljóna í sektir vegna mengunar. Þá hefur

Aukning verður einnig um þrengsli í tengslum við efnistöku. Á þrengsla-vegi er í dag umferð þungaflutningabíla, enda eru þar staðsettar opnar námur. Gera má ráð fyrir að sú umferð muni aukast með tilkomu verksmiðju.

Í kafla 7.4.2 er fjallað um þau störf sem skapast vegna verkefnisins. HPM er ósammála því að störfín séu einsleit, en þau eru allt frá sérhæfðum störfum yfir í tækni-, sérfræði- og iðnstörf sem og stoðþjónustu- og skrifstofustörf.

Í kafla 7.7. um loftslag er fjallað um loftslagsáhrif verkefnisins og þar er sérstaklega reiknuð losun vegna flutninga, bæði á landi og á sjó. Áhrif vegna tengdrar starfsemi, svo sem efnistöku í Litla-Sandfelli og í sjó, eru í sér umhverfismatsferli líkt og bent hefur verið á.

Í kafla 7.7.1 er fjallað um að umframeftirspurn sé á flugösku.

Hvað varðar staðhæfingar um sóttsvart fótspor Heidelberg og mannréttindabrot er þeirri staðhæfingu vísað á bug enda ekki byggt á neinum staðreyndum úr rekstri félagsins. Heidelberg er alþjóðleg fyrirtækjastærð. Heidelberg Materials í Evrópu stendur að þessu verkefni og starfrækir enga starfsemi á tilvísuðum svæðum. Heidelberg Materials er með eina metnaðarfillstu áætlun um lækkingu kolefnisspors í heiminum í sínum iðnaði þar sem verið er að taka með mikilli ábyrgð á loftslagsmarkmiðum. Fyrirtækið leggur jafnframt mikinn metnað í að starfa eftir öllum lögum og kröfum á heimsvísu og er meðvitað um kröfu sem eðlilegt er að gera til fyrirtækja í því samhengi og er hægt að skoða frammistöðu fyrirtækisins í þessu efnum í svokallaðri "compliance report" sem gefin er út árlega. Skoðanir umsagnaraðila eiga sér þannig enga stoð í veruleikunum. Yfirlit yfir stefnur félagsins í þessum efnum sem og frammistöðu má nálgast hér: <https://www.heidelbergmaterials.com/en/sustainability/sustainability-beyond-co2-reduction/governance-and-compliance>

Nr. 12 - Umsögn Ásu Berglindar Hjálmsdóttur	Viðbrögð
<p>starfsemi fyrirtækisins verið umdeild víða um heim og mannréttindasamtök gagnrýnt það fyrir að starfa á hernumdum svæðum, bæði í Palestínu og Vestur Sahara.</p>	
<p>Setlón</p> <p>Það er gert ráð fyrir þremur 10.000 m² setlónum fyrir efni sem tekið er úr hafsbotni. Þar segir að helsta hætta á mengun úr setlónum gæti verið í miklum leysingum eða úrkomu þar sem efni ætti erfiðara með að setjast. Það vita allir sem búa í Þorlákshöfn hvernig öldurnar geta risið og skolið á björgunum á þessu svæði stóran hluta úr árinu. Hvernig á að vera hægt að koma fyrir að þær hafi þessi áhrif á setlónin? Einnig hefur ekki komið fram að setlónin verði yfirbyggð, en það er ein af þeim forsendum sem bæjarstjórn hefur sett fram, að allt efni verði í lokuðum kerfum.</p>	<p>Setlónin verða ekki yfirbyggð en færibönd á milli bygginga verða það sem og öll vinnsla efnis.</p> <p>Setlónið verður ekki opið fyrir hafi, heldur varið af fyrirhugaðri höfn sem byggð verður sem hluti af verkefninu í Keflavík.</p>
<p>Löndun sjávarefnis</p> <p>Gert er ráð fyrir að löndun sjávarefnis verði allt að 21 skip á viku en útflutningur efnis allt að 4 skip á viku. Hvað gerist þegar ekki er hægt að nýta fyrirhugaða höfn vegna ágangs sjávar og slæmra veðra? Ekkert er fjallað um mengun með tilliti til heilbrigði manna, gæði andrúmslofts, lýðheilsu og slysatíðni, ég myndi vilja sjá raunhæfa útreikninga um þessi atriði. Haldinn var íbúafundur í janúar sem var auglýstur með eins sólarhrings fyrirvara. Þar átti fólk að gefast kostur til að spyrja m.a. út í umhverfismatskýrsluna. Það er ekki mikill vilji fyrir því að fá upplýst fólk á fund þegar hann er auglýstur með sólarhrings fyrirvara. Heidelberg hefur aðeins eigin hagsmuni að leiðarljósi í þessu verkefni, sama hvað þeir kunna að segja við okkur íbúana.</p>	<p>Áætlanir gera ráð fyrir því að ekki verður hægt landa efni allt árið um kring og þá einkum vegna ölduhæðar samfara slæmum veðurskilyrðum. Hafnargarðar utan um hafnaraðstöðu eru byggðir til þess að draga úr ölduhæð og álagi, sem í einhverjum tilvikum mun þó ekki duga til. Unnt verður að nýta Þorlákshöfn til útflutning efnis þegar aðstæður leyfa ekki í Keflavík. Unnt verður að nýta landefni þegar aðstæður leyfa ekki löndun sjávarefnis.</p> <p>Hvað varðar fundinn þá var hann auglýstur í Hafnarfréttum (vefsíða) og var þar á forsíðu í 3 vikur fyrir fundinn (9.janúar-23.janúar). Ábending kom um að sú auglýsing hafi ekki náð augum nógu marga með góðum fyrirvara og var reynt að bæta úr því með því að senda inn tilkynningu á íbúasiðu Ölfuss daginn fyrir fundinn til þess að tryggja að allir væru meðvitaðir um hann. Engu að síður mættu 30-40 manns á fundinn og umræður voru góðar um ýmsa þætti framkvæmdar.</p>

Umsögn Erlendar Ágústs Stefánssonar

BLAÐSÍÐA 32/42

Nr. 13 - Umsögn Erlendar Ágústs Stefánssonar	Viðbrögð
<p>Hér koma nokkrar spurningar vegna matsskýrslu um Mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn. Mál nr . 1084/2023</p> <p>Umhverfið</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Hvaða mótvægisáðgerðir ætla framkvæmdaraðilinn að ráðast í vegna þeirra neikvæðu umhverfisáhrifa sem framkvæmdin veldur? 2. Hefur fyrirhuguð verksmiðja einhver neikvæð áhrif á íbúabyggð Ölfusi og í Þorlákshöfn? Hvaða rannsókn liggur að baki svari ykkar? 3. Láglandissvæði Breiðabólstaðar og Litlalands eru ákjósanleg bygg-ingarsvæði í náinni framtíð. Hefur það verið kannað hvaða umhverfisá-hrif framkvæmdin hefur á þessi landsvæði? 4. Hver er niðurstaða rannsóknar á svifryksmengun per sólarhring vegna sandflutningar bíla frá Litla Sandfelli til Þorlákshafnar? 5. Hvaða mótvægisáðgerðir eru fyrirhugaðar vegna aukins svifryks vegna aukinnar umferðar? 6. Hefur Skipulagsstofnun yfir farið útreikninga framkvæmdaraðila varð-andi losun gróðurhúsalofttegunda af framkvæmdinni? 7. Hvaða mótvægisáðgerðir eru fyrirhugaðar vegna sandfoks? Ferðamennska 8. Þrengslasvæðið er vinsælt útivistarsvæði. Hefur verið lagt mat á hve framkvæmdin muni skerða svæðið til útivistar? 9. Þrengslasvæðið frá Lambafelli í suður er nokkuð ósnortið og friðsælt svæði sem laðað hefur að ferðamenn. Mun ekki framkvæmdin við að flytja Litla Sandfell verulega skemma þessa ósnortu ásynd svæðisins? 10. Hefur verið metin neikvæð áhrif framkvæmdanna á ferðamennsku í Ölfusi, sérstaklega Raufarhólshelli og ströndina? 11. Hvernig getur það farið saman að ferðamenn sækji í Raufarhólshelli og vera á hættusvæði vegna umferðabunga þungaflutningabíla. 12. Hefur fyrirhuguð verksmiðja einhver neikvæð áhrif á aðra flutninga um Þorlákshafnarsvæðið þá sér í lagi fiskflutninga? <p>Mengun og umhverfið</p> <ol style="list-style-type: none"> 13. Hvert er kolefnissporið vegna efnistöku í Litla Sandfelli og flutningur á efni til Þorlákshafnar, vinnsla þar og síðan flutningur með skipum til meginlands Evrópu og síðan landleiðina til áfangastaðar? 14. Hvaða mótvægisáðgerðir eru fyrirhugaðar vegna losunar kolefnis? 15. Hefur það verið metið hversu alvarleg ásyndar truflun flutningur á 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Í töflu 8.1 í kafla 8 í umhverfismatsskýrslu er fjallað um mótvægisáðgerðir og vöktun. 2. Í kafla 7.4 er fjallað um áhrif á samfélag, og þ.á.m. íbúapróun og atvinnulíf. Áhrif á samfélag eru metin talsvert jákvæð og þá einkum m.t.t. fjölgunar starfa og efl-ingu atvinnulífs. Áhrif á umferð, loftgæði og hljóðvist eru metin óveruleg. 3. Horft hefur verið til Aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036 í umhverfis-matsferlinu og við mat á áhrifum þar sem við á. Skoðuð voru m.a. ásyndaráhrif við núverandi íbúðabyggð sem er nær fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en þau svæði sem nefnd eru í umsögninni. 4. og 5. Ekki var talin ástæða til að skoða áhrif vegna svifryks frá umferð. 6. Spurningu beint til Skipulagsstofnunar. 7. Ekki er gert ráð fyrir sandfoki frá verksmiðjunni og því ekki þörf á mótvægis-áðgerðum. 8. Framkvæmdin mun ekki skerða svæði í þrengslunum þar sem engin byggingará-form eru þar í tengslum við þessa framkvæmd. 9. Efnistaka í Litla-Sandfelli eru ekki hluti af þessu umhverfismati. Flutningar á efni til mölunarverksmiðju munu ekki hafa áhrif á ásynd en flutningar um núverandi veg munu aukast frá því sem nú er. 10. og 11. Í kafla 7.4 er fjallað um áhrif á samfélag, og þ.á.m. eru áhrif á ferða-þjónustu og útivist metin. Raufarhólshellir er ekki talinn vera innan áhrifasvæðis. Líkt og fjallað er um í kaflanum er gert ráð fyrir að aukning um Þorlákshafnarveg aukist um 4,2% vegna mölunarverksmiðju. 12. Flutningur efnis í mölunarverksmiðju mun ekki fara um núverandi hafnarsvæði nema í undantekningartilfellum. <p>Mengun og umhverfið</p> <ol style="list-style-type: none"> 13. Í kafla 7.7. er fjallað um áhrif á loftslag. Þar má sjá útreikninga á losun vegna flutnings á móbergi sem unnið verður í verksmiðjunni. 14. Sjá svar við lið 1.

heilu fjalli veldur?

16. Hvaða formúlu er stuðst við þegar mat var gert sem sýnir að framkvæmdin hafði jákvæð áhrif á umhverfið?

17. Fyrirhugað er að byggja höfn í Keflavíkinni fyrir útflutning efnisins. En samkvæmt mati KPMG kemur fram dágóð upphæð í hafnargjöld og nauðsynleg stækkun hafnarinnar í Þorlákshöfn? Vinsamlega útskýrið.

18. Ef nota á höfnina í Þorlákshöfn munu fara fram umtalsverðir flutningar frá verksmiðju til hafnarinnar. Finnst ykkur það boðlegt fyrir íbúa svæðisins?

Umferð

19. Nú er áformað að rúmlega eitt hundrað ferðir flutningabíla muni aka milli námu og verksmiðju. Í fyrirráætlun voru að þá þriðja hundrað bílar. Hvaða tryggingu hafa íbúar fyrir því að ferðunum muni ekki fjölga til muna?

20. Hvaða mótvægisáðgerðir eru fyrirhugaðar vegna aukins slits á vegum?

21. Finnst þeim sem að framkvæmdunum standa það eðlileg að notast við þjóðvegi landsins á kostnað skattborgara?

22. Hver er niðurstaða rannsóknar á aukinni slyshættu vegna aukinnar fjölda vörubíla um þrengslaveg og Þorlákshafnarveg.

23. Þungaflutningabílar eiga oft í erfiðleikum að vetri að komast upp Skógarhlíðarbrekku. Hefur Vegagerðin samþykkt að gera auka akrein í norðurátt í Skógarhlíðarbrekku?

24. Hver er niðurstaða rannsóknar á sliti á þrengslavegi og Þorlákshafnarvegi vegna fyrirhugaðra flutninga á jarðefninu.

25. Mun starfsemin leggja til fjármagn vegna slits á þjóðvegi eða hefur Vegagerðin samþykkt að bera aukin kostnað við veginn frá Litla Sandfelli til Þorlákshafnar.

Móberg í stað kola

26. Þið haldið því fram að fyrirhuguð framkvæmd á útflutningi á Móbergi frá Litla Sandfelli til meginlands Evrópu hafi gífurlega jákvæð áhrif á kol-efnisspor. Hvaða breytur eru í þeim útreikningi?

27. Þar sem nóg er til af kolaösku í heiminum, hvernig á flutningur á Móbergi frá Íslandi að vera umhverfisvænnar en að nota kolaöskuna?

28. Hvað á að gera við kolaöskuna sem fyrirhugað er að hætt verði að nota sem sements íblöndunarefni?

29. Hefur verið kannað hversu mikið fellur til af ónýtri kolaösku í

15. Í kafla 7.1 er fjallað um ásýndaráhrif mólunarverksmiðjunnar. Fjallað er um áhrif á Litla-Sandfell í umhverfismati þess verkefnis sem og í deiliskipulagi.

16. Í kafla 6 er fjallað um aðferðafræði við mat á umhverfisáhrifum. Þar er fjallað um viðmið, einkenni og vægi sem notuð eru til að greina og meta áhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþætti. Jákvæð áhrif eru talin verða á samfélag og loftslag í þessu verkefni.

17. Gerð er grein fyrir framkvæmdinni eins og hún er fyrirhuguð í umhverfismatskýrslunni. KPMG skýrslan hefur ekki verið uppfærð með hliðsjón af breyttri staðsetningu. Bygging og rekstur hafnarinnar verður í samstarfi við Ölfus og núverandi höfn.

18. Ekki eru uppi áform um að nota höfnina í Þorlákshöfn nema í undantekningartilfellum.

Umferð

19. Þarna er vitnað til umhverfismatskýrslu þar sem m.a. voru áform um að flytja efni úr námu í mólunarverksmiðju. Eftir að sú skýrsla kom út, varð ljóst að unnt yrði að nýta sjávarrefni í meira mæli en áður var haldið. Þar af leiðandi minnkar þörf á landefni og ferðum fækkar. Unnið er með jafnaðartölur og hámarksvinnslu í umhverfismati, þannig að umferð gæti orðið minni einhverja daga og meiri aðra daga eftir tíma vinnslu og tíma árs.

20. Sjá svar við lið 1.

21. Þjóðvegir landsins eru fyrir alla. HPM verður líka skattgreiðandi þ.á.m. í formi þungaskatts sem ætlað er að fjármagna vegabætur.

22. Ekki er ljóst hvaða rannsóknar vísað er til, en slík rannsókn var ekki hluti af þessu verkefni.

23. Allar umræður um mögulegar samgöngubætur vegna verkefnisins munu eiga sér stað í næstu skrefum, en nokkur ár eru enn í að starfsemi verksmiðju gæti hafist.

24. Ekki er ljóst hvaða rannsóknar vísað er til, en slík rannsókn var ekki hluti af þessu verkefni.

heiminum sem gæti verið notuð sem íblöndunarefni í sement?

30. Hefur verið skoðað hvort geyma megi þá kolaösku sem nú fellur til þannig að hægt sé að nota hana seinna sem íblöndunarefni í sement?

31. Hvaða upplýsingar miðar framkvæmdaraðilinn við þegar losun frá sementsframleiðslu er metin?

Vatnsverndarsvæði

32. Litla Sandfellið er staðsett á vatnsverndarsvæði. Hefur verið gerð athugun á áhættuþáttum vegna mögulegra mengunar á vöruflutningabílum og ámoksturstækja vegna fyrirhugaðrar vinnslu jarðefna í fjallinu? Ef svo er hver er niðurstaðan?

33. Hvernig ætlið þið að koma í veg fyrir svifryksmengun og mengun á vatnsbólum í Torfdal?

25. Vegagerðin er veghaldari þjóðvega landsins. Framkvæmdir og viðhald vega eru að stórum hluta fjármagnaðar með skattfé (eldsneytisskattur og þungaskattur) sem HPM mun greiða líkt og aðrir notendur vegakerfisins.

Móberg í stað kola

26. Í kafla 7.7 má sjá mat á umhverfisáhrifum á loftslag og forsendur matsins.

27. Sjá svar við lið 26 og umfjöllun í köflum 7.7.1 og 7.7.2.

28-30. Flugaska (kolaska) verður ekki lengur á boðstólum þegar rekstri kolaorkuvera hefur verið hætt. Veruleg minnkun hefur orðið á framboði flugösku nú þegar og er Heidelberg í Norður Evrópu þegar að flytja flugösku langar vegalengdir (frá Tyrklandi) vegna þessa. Fullyrðingar um nægt framboð flugösku í heiminum stangast á við þennan veruleika. Fyrirtæki væru hvorki að ráðast í fjárfestingar af þessari stærðargráðu, né að flytja flugösku um langar vegalengdir, ef framboð hennar væri nægt í álfunni.

31. Sjá svar við lið 26.

Vatnsverndarsvæði

32. Efnistaka í Litla-Sandfelli eru ekki hluti af þessu umhverfismati.

33. Ekki er gert ráð fyrir neinni mengun á vatnsbólum í þessu verkefni.

Umsögn Guðmundar Oddgeirssonar

BLAÐSÍÐA 35/42

Nr. 14 - Umsögn Guðmundar Oddgeirssonar	Viðbrögð
<p>Valkostir og loftslag</p> <p>Í UMHVERFISMATSSKÝRSLUNNI, dagsett í desember 2023, um mólunarverksmiðju við Þorlákshöfn er stillt upp tveimur valkostum. Valkostur 1 sem er innanbæjar í Þorlákshöfn og valkostur 2 sem er í Keflavík skammt vestur af íbúakjarna Þorlákshafnar og er sagður aðalvalkostur. Út frá því má álykta að valkostur 1 hafi ekki verið sleginn út af borðinu sem er hræðileg tilhugsun.</p> <p>Samantekt umhverfismatskýrslunnar ber þess merki að hagar greiðanda skýrslunnar ráði för. Bæjarstjórn Ölfuss hefur ekki spurt íbúa álits um þann gjörning að breyta út frá þeirri stefnu sem má sjá í nágildandi skipulagi að vera í grænum gildum yfir í það að gera Þorlákshöfn að námubæ. Það er með ráðum gert af meirihluta bæjarstjórnar, sem beitt er fyrir vagni hagsmunaaðila, að draga aðkomu íbúa að málinu á langinn þar til að undirbúningur, og að jafnvel framkvæmdir byrjaðar, að of seint verði að stöðva þetta ferli.</p> <p>Mikið er gert úr því að umrædd framleiðsla sé svo umhverfisvæn en reyndin er að hún mun ekki skila ávinningi í umhverfisbókhalda Íslands/Ölfuss/Þorlákshafnar. Eftir því sem kom fram í athugasemdum við matsáætlunina þá er ekki skortur á flugösku í Evrópu og áfram er unnið með kol, til séu haugar af afsettu efni. Við sjáum líka í þessari umhverfismatsskýrslu sem nú er til umfjöllunar að flytja eigi út umtalsvert magn af ómöluðu efni.</p> <p>Skýrsla þessi tekur bara yfir hluta alls verkefnisins en gera ætti raunverulegt mat á heildaráhrifum frá námu til útskipunar enda verkefnið gríðarlega stórt og hefur mikil inngrip í náttúruna hvort það er til fjalla, grunnvatns, sjávar og orkunotkunar.</p> <p>Fyrir okkur íbúa Íslands/Ölfuss/Þorlákshafnar skiptir miklu máli hvernig við förum með takmarkaðar auðlindir okkar. Viljum við nota þær til matvælaframleiðslu eða þvo malarefni? Í viðauka 1 um jarðmyndanir segir m.a. „Meðfram ströndinni við fyrirhugað hafnarsvæði er grjótkambur þar sem er að finna töluvert magn af stórgrýti sem hugsanlega er hægt að nota“.</p> <p>Hafa skýrsluhöfundar ekki kynnt sér mistök fyrri tíma þegar efni var tekið úr grjótkambi sunnan við Þorlákshöfn og notað í hafnargerð? Varhugavert er að taka af náttúrulegri brimvörninni sem getur leitt til þess að sjór flæði mun lengra inn á land í stórbrimi.</p>	<p>Breytingar hafa orðið á verkefninu frá því fyrstu hugmyndir um staðsetningu komu fram. Fallið hefur verið frá staðsetningunni við Skötubót og mun mólunarverksmiðja ekki verða byggð upp þar. Valkostur 1 er þannig ekki á borðinu líkt og skýrt er tekið fram í skýrslunni. Lóðum hefur verið skilað til bæjarins samhlíða úthlutun lóðar við Keflavík.</p> <p>Í kafla 7.7 um loftslag kemur fram að verðþróun á flugösku sýnir með óyggjandi hætti að veruleg umframeftirspurn er eftir þessari afurð enda hefur verð hennar hækkað í takt við verð á losunarheimildum í ETS-kerfinu undanfarin ár. Flugaska (kollaska) verður ekki lengur á boðstólum þegar rekstri kolaorkuvera hefur verið hætt. Veruleg minnkun hefur orðið á framboði flugösku nú þegar og er Heidelberg í Norður Evrópu þegar að flytja flugösku langar vegalengdir (frá Tyrklandi) vegna þessa. Fullyrðingar um nægt framboð flugösku í heiminum stangast á við þennan veruleika. Fyrirtæki væru hvorki að ráðast í fjárfestingar af þessari stærðargráðu, né að flytja flugösku um langar vegalengdir, ef framboð hennar væri nægt í álfunni.</p> <p>Lóðinni verður umbreytt eins og t.d. er fjallað um í kafla 7.2.2 í umhverfismatsskýrslu. Verksmiðjulóð verður jöfnuð út í landhæð 7 m y.s. Framan við lóðina verður útbúin hafnaraðstaða með tilheyrandi hafnargörðum sem þjóna þeim tilgangi að verja hafnaraðstöðu og lóð fyrir ágangi sjávar.</p>
<p>Efnahagsleg áhrif</p> <p>Í viðauka 3 KPMG um efnahagslegan ávinning sem tekur mið af valkosti 1 kemur eftirfarandi fram: „Ekki hefur verið framkvæmd sérstök áreiðanleikakönnun á þeim gögnum sem stuðst er við og af þeim sökum getur KPMG ekki ábyrgst áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi. Samkvæmt framangreindu er gerður fyrirvari um tilvist</p>	<p>Ekki er fjallað um efnahagsleg áhrif verkefnisins í umhverfismati. Þessi umræða kom upp á íbúafundi þegar umhverfismat var kynnt. Þar var meðal annars fjallað um áætlað skattspor verkefnisins og annan samfélagslegan ávinning.</p>

Nr. 14 - Umsögn Guðmundar Oddgeirssonar	Viðbrögð
<p>mikilvægra upplýsinga um undirbúning og framkvæmd fjárfestingarinnar sem KPMG hefur ekki haft aðgang að".</p> <p>Miðað við fyrirvara þessa, sem KPMG gerir, hvernig í ósköpunum á ég, almenningur, að geta treyst því sem er haldið fram um efnahagslegan ávinning verkefnisins?</p>	
<p>Vatnafar</p> <p>Í viðauka 6 um vatnafar kemur glögglega fram að það eru takmarkanir á hversu mikið er hægt að taka af fersku vatni úr grunnvatnsstraumnum. Áætlað er að vatnsnotkun framleiðslunnar verði um 95 l/s (3 milljón tonn) að meðaltali á ársgrundvelli. Til samanburðar notaði Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær til samans um 780 l/s að jafnaði árið 2023. Mölunarverksmiðjan ein og sér mun því nota sem samsvarar um 12% af áður nefndri notkun sveitarfélaganna.</p> <p>Það kemur fram í skýrslu Vatnaskila frá árinu 2021 að verði umfang fiskeldisins við Þorlákshöfn að veruleika verði notkunin umfram það sem bergið getur skilað frá sér. Afleiðing þess er að sjór dregst þá lengra innundir landið og upp sem þá hefur áhrif á vatnsgæði þeirra vatnsbóla sem fyrir eru. Mölunarverksmiðjan er því viðbót inn í þessa vatnstöku. Vatnsauðlindin er því ekki óþrjótandi og er takmörkunum háð. Hvort viljum við nýta vatnið fyrir matvælaframleiðslu eða til þvottar á sandi?</p>	<p>Líkt og segir í kafla 7.6.2 um mótvægisáðgerðir þá hafa nýtingaraðilar grunnvatns í nágrenni Þorlákshafnar tekið sig saman og stefna að borun rannsóknar- og vöktunarhola á svæðinu. Þá segir í kafla 7.6.3 um vægi áhrifa á vatnafar að viðmiðið í matinu er að með vöktun vatnstökuaðila verði komið í veg fyrir að vatnstaka skaði vatnafar svæðisins.</p>
<p>Úr samantekt skýrslunnar.</p> <p>Í samantekt skýrslunnar um valkost 2 – Keflavík segir m.a. „Mögulegt er að byggja nýja höfn við lóðina og setlón sem gerir aðkomu skipa með efni úr sjó fýsilega. Lóðin liggur upp að lóðum þar sem landeldi verður starfrækt“. Hvað ef ekki mögulegt, sem er ekki ólíklegt, hvað þá? Er þá valkostur 1 Skötubót kominn upp á borðið sem aðalvalkostur?</p> <p>Full ástæða er til þess að efast um að ekki verði umhverfisáhrif af setlónunum tveimur sem verða samtals 20 þúsund fermetrar.</p> <p>Samfélagið, þar segir: „Vægis-einkunn áhrifa á atvinnulíf og íbúaþróun er talsvert jákvæð“. Hvernig er hægt að halda þessu fram þar sem bæjarstjórn Ölfus hefur ekki haft samráð við íbúa, ekki haldið íbúakosningu um málið eins hefur verið lofað, störfin sem fylgja þessari starfssemi eru einsleit karllæg verkamannastörf sem eru víðast mönnum með farandverkamönnum.</p> <p>Loftslag, þar segir: „Afurð mölunarverksmiðju, móberg til íblöndunar í sement, mun hafa jákvæð áhrif á loftslag á heimsvísu. Vægis-einkunn er verulega jákvæð“. Hér er mælistikan sett á „heimsvísu“ en ekki á áhrif loftslags í Ölfusi/Þorlákshöfn. Rétt er að efast stórlega um þessi</p>	<p>Sjá svar við fyrstu umsögn Guðmundar.</p> <p>Miðað við frumhönnun verkefnisins er rými fyrir setlón innan lóðar. Valkostur 1 við Skötubót er ekki inni í myndinni eins og fram kemur í skýrslunni.</p> <p>Hvergi í skýrslunni kemur fram að engin umhverfisáhrif verði vegna setlóna. Allri lóðinni verður raskað vegna framkvæmda sem fela m.a. í sér gerð setlóna.</p> <p>Vægis-einkunn er gefin í samræmi við þau viðmið og aðferðafræði sem sett er fram í umhverfismatskýrslu. Einkunnagjöf er ekki háð samráði við íbúa. Bæjarstjórn Ölfus hefur engu að síður ákveðið að íbúakosning fari fram og er áætlað að kjósa um deiliskipulag verkefnisins samfara forsetakosningum í júní.</p>

Nr. 14 - Umsögn Guðmundar Oddgeirssonar	Viðbrögð
<p>meintu jákvæðu áhrif á heimsvísu.</p> <p>Vatnafar, þar segir: „Mikil óvissa er um öflun ferskvatns í þessu mikla mæli sem verksmiðjan þarf“. Já rétt er að það er mikil óvissa um vatnið sbr. áður nefnda skýrslu Vatnaskila og efasemnda Orkustofnunar um það magn vatns sem rennur til sjávar.</p> <p>Áfram um loftslag, þar segir: „Þær mótvægisáðgerðir sem HPM gerir ráð fyrir að fara í til þess að koma til móts við kolefnislosun fyrirtækisins eru að skipta út jarðefniseldsneyti í öku-tækjum sínum fyrir endurnýjanlega orkugjafa á borð við vetni eða rafmagn. Þá er jafnframt fyrirhugað að skipta út jarðefnaeldsneyti í skipaflutningum fyrir kolefnishlutlaust eldsneyti á borð við methanól, vetni eða ammoníak, til að lækka kolefnisspor móbergsins enn frekar. Markmið Heidelberg Materials er að ná kolefnislausri framleiðslu eins hratt og tæknistig leyfir“. „Eins hratt og tæknistig leyfir“ er dæmigert grænþvottaryrk, raunhæfir möguleikar í orkuskiptum þess sem talað er um hér eru ekki í sjáanleg í nánustu framtíð en rosa flott á pappír.</p> <p>Í skýrslunni er lítið gert úr áhrifum á umferð og umferðaröryggi þessara þungflutninga, ljóst er að vegakerfið eins og þar er og verður samkvæmt samgönguáætlun ber ekki mikið meira en það sem er fyrir í dag. Einn trukkan með þeirri hlaspýngd sem fyrirhuguð er slítur vegum á við 30 til 50 þúsund fólksbíla eftir því hver segir frá.</p> <p>Læt þetta duga frá mér að sinni og mín niðurstaða er að þennan gjörning á að stöðva enda er hann ekki vænn til uppbyggingar vistvæns samfélags í Ölfusi / Þorlákshöfn og setur niður búsetugæði okkar sem þar búa.</p>	<p>Í kafla 7.4 er fjallað um þann fjölda starfa sem skapast vegna framkvæmdanna. Á framkvæmdatíma má gera ráð fyrir bæði íslensku starfsfólki og sérfræðingum erlendis frá. Á rekstrar-tíma er gert ráð fyrir að starfsfólk komi úr nærliggjandi byggð. Reynsla í öðrum stórum verksmiðjum á Íslandi sýnir að mikil aðsókn hefur verið í vel launuð störf af þessu tagi og hefur starfsemi verksmiðja eftl aðliggjandi nærsamfélög.</p> <p>Umhverfisáhrif sements eru vel þekkt og hefur verið fjallað um það víða. Í kafla 7.7 er fjallað um áhrif á loftslag þar sem m.a. eru settir fram útreikningar og röksemdir fyrir kolefnislosun verkefnisins. Þar sést með óyggjandi hætti að verkefnið hefur jákvæð áhrif á loftslag.</p> <p>HPM er ekki sammála því að orkuskipti í samgöngum séu ekki sjáanleg í nánustu framtíð. Nú þegar hafa verið flutt til landsins raforkuknúinn vinnutæki og flutningabílar og á sér stað mikil og hröð tækniþróun.</p> <p>Vísað er í svar við umsögnum Vegagerðarinnar varðandi umferð og umferðaröryggi.</p>

Umsögn Jóhannesar Laxdals Baldvinssonar

BLAÐSÍÐA 38/42

Nr. 15 - Umsögn Jóhannesar Laxdals Baldvinssonar	Viðbrögð
<p>Ég hef verið að glugga í þetta umhverfismat og það vöknuðu margar spurningar.</p> <p>1. Valkostur 2, sem er hinn nýi valkostur Heidelberg Materials er 3 kílómetra fyrir vestan núverandi byggð í Þorlákshöfn. Miðað við að vaxtarsvæði bæjarins er í vestur þá mun bærinn vaxa í átt að verksmiðjunni og umhverfisáhrif verksmiðjunnar sem talin eru ásættanleg núna vegna fjarlægðar verða það ekki eftir nokkur ár en þá verður of seint að mótmæla staðsetningunni.</p> <p>2. Ekki er gerð tilraun til að fara ofan í saumana á magntölum í þessu umhverfismati. Verkefnið hefur aukizt að umfangi um 150%. Í fyrstu kynningu var bara talað um að hún myndi mala 500 þúsund tonn af móbergi sem yrði flutt til verksmiðjunnar ofan úr Þrengslum. Nú er meiningin að vinna 700 þúsund tonn úr fjöllum og 1 milljón og 300 tonn munu koma með skipum sem munu dæla efninu upp af sjávarbotni í grennd við Ingólfshöfða og flytja til Þorlákshafnar og dæla í manngerð setlón í Keflavík. Þessir efnisflutningar munu valda miklum neikvæðum umhverfisáhrifum.</p> <p>3. Í sóknaráætlun Suðurlands, sem Þorlákshöfn er aðili að er lögð mikil áherzla á umhverfisvitund. Lagt er upp með að draga úr losun á CO₂ um 10% fyrir 2025. Með þessu verkefni eru þær áætlanir að engu orðnar og kolefnislosun mun aukast gríðarlega út af efnisflutningum til og frá verksmiðjunni.</p> <p>4. Allt frá því þetta verkefni var kynnt og æ síðan hefur verið tönnlast á því, að með því að þetta móbergsefni komi í stað sementsgjalls þá stuðli Þorlákshöfn að minni losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og sé þannig umhverfisvænt í sjálfu sér. Þessi framsetning er eingöngu til að blekkja fólk. Hvert land er með sitt eigið loftslagsbókhald og það sem gert er í einu landi er ekki hægt að nota til að jafna kolefnisbókhaldið í öðru landi þótt það sé stundað í blekkingarskyni. Þetta verkefni hefur mjög neikvæð umhverfisáhrif fyrir íbúa Þorlákshafnar til langrar framtíðar.</p>	<p>1. Samkvæmt aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði og ekki gert ráð fyrir íbúðarbyggð þarna til næstu ára. Mikil uppbygging atvinnuhúsnæðis á sér stað á þessu svæði í samræmi við skipulag og er þar helst um að ræða fiskeldi auk mölunarverksmiðju. Helstu breytingar á umhverfisáhrifum ef byggð myndi færast nær í framtíðinn yrðu á ásjýnd.</p> <p>2. Umfang þeirrar efnisvinnslu sem áformuð er á landi og í sjó í tengslum við háefnisöflun mölunarverksmiðjunnar er þannig að það kallar á sérstakt umhverfismat. Því hefur nú þegar verið unnið og kynnt umhverfismat efnisvinnslu í Litla-Sandfelli. Unnið er að umhverfismati efnisvinnslu í sjó úti fyrir Landeyjasandi og verða niðurstöður kynntar á vormánuðum 2024.</p> <p>3. Í kafla 7.7 um loftslag er fjallað um að með verkefninu sparist um 820 kg CO₂ig á tonn og að árleg kolefnislosun muni dragast saman um 1.066 milljón kg CO₂ ígilda. Markmið HPM til framtíðar er að kolefnisspor fyrirhugaðrar verksmiðju verði núll.</p> <p>4. Eitt af markmiðum með byggingu mölunarverksmiðju er að styrkja stoðir framleiðslu á steypuefni á umhverfisvænan hátt og að koma til móts við auknar kröfur um samdrátt í kolefnisspori framleiðslu á steypuefni bæði innanlands og erlendis. Tilgangurinn er að koma til móts við þá miklu kolefnislosun sem á sér stað í byggingargeiranum á heimsvísu. Loftslagsbreytingar vegna losunar gróðurhúsalofttegunda er hnattrænt vandamál sem ber að leysa með samvinnu þjóða heims.</p>

Umsögn Jóns Hjörleifs Stefánssonar

BLAÐSÍÐA 39/42

Nr. 16 - Umsögn Jóns Hjörleifs Stefánssonar

Viðbrögð

Góðan dag! Jón Hjörleifur Stefánsson (181181-5409) heiti ég og athugasemdir mínar í Skipulagsgátt eru:

1. Eitt af því sem hefur mætt hvað mestri gagnrýni í fyrirhuguðum framkvæmdum Heidelberg er hvernig flytja skuli efnið frá námunum (Lambafelli og Litla-Sandfelli) til verksmiðjunnar, því almenningur er því mótfallinn að þrengslavegur verði undirlagður slíkri þungaumferð. Maður hefði því ætlað að í skýrslu sem er til þess gerð að skýra framkvæmdirnar yrði sérstaklega tekið fram hvaða leið og hvernig efnið yrði flutt. Svo virðist hinsvegar ekki vera. Á bls. 70-71 í skýrslu Heidelberg er sagt að efnið verði flutt um Þorlákshafnarveg og Suðurstrandaveg. Námurnar tvær liggja hinsvegar við Þrengslaveg. Og Heidelberg útskýrir ekki hvernig efnið verður flutt úr námunum til Þorlákshafnarvegs. Hvernig verður það gert? Það getur sennilega aðeins verið gert á tvennskona hátt. Annaðhvort verður því ekið eftir Þrengslavegi niður á Þorlákshafnarveg og það gegn vilja almennings eða nýr vegur verður lagður yfir jörðina Breiðabólstað sem er í eigu aðventista – en aðventistar hafa ekki verið upplýstir um neitt slíkt og hafa ekki samþykkt neitt slíkt. Veit Heidelberg ekki hvernig efnið verður flutt eða ætla þeir sér að ákveða það aðeins ef og eftir að framkvæmdirnar hafa verið samþykktar?

2. Hvað mun verksmiðjan starfa lengi? Hvað mun taka langan tíma að nýta efnið úr námunum tveimur (eða þremur, taki maður sjávarnámuna með)? Þetta virðist ekki koma fram í skýrslunni. Þetta merkir að Ölfus á að ráðast í að leyfa risastórar framkvæmdir án þess að vita í hve langan tíma þessi starfsemi verði rekin. Þetta er mikilvægur punktur því ef þetta á að vera til frambúðar merkir það að Heidelberg þarf að seilast í fleiri námur eftir að Litla-Sandfell verður horfið af landakortinu – og hvaða námur verða það? Skapast þá þrýstingur á að opna nýjar námur í þrengslunum? (Verður það Geitafell eða Litli-Meitill næst eða eitthvað annað fell í grenndinni?) Og hversu margar? Í upphafi skyldi endinn skoða, annars er umhverfismatið mjög skammsýnt. Og ef verksmiðjunni verður lokað eftir að Litla-Sandfell hverfur – var þá það þess virði að reisa hana? Hvað mun Þorlákshöfn gera við risastóra tóma verksmiðju eftir að hún fer í eyði?

3. Sú gagnrýni sem Skipulagsstofnun hefur sett fram varðandi efnistöku úr fyrirhuguðum námum stendur óbreytt burtséð frá því hvar verksmiðjan verður reist. Rökin gegn efnistöku eru einnig rök gegn mülunarverksmiðjunni því þessi tvö verkefni eru tvær hliðar á sama peningi þó framkvæmdaraðilarnir séu tveir – en það virðist einmitt vera peningurinn (gróða-sjónarmið) sem öllu ræður hjá Eden Mining og Heidelberg: grænþvottur þeirra um hvernig það að bryðja niður íslensk fell til að gera grænni steypu muni hjálpa gegn loftslagsvánni er auðvitað ekki marktækur. Í fyrsta lagi liggur slíkt mat þegar fyrir í skjölum tengdum

1. Efnistaka í Litla-Sandfelli er tengd framkvæmd og háð umhverfismati ein og sér. Það umhverfismat liggur nú þegar fyrir þar sem efnistöku og flutningsleiðum er lýst. Eins og staðan er núna má gera ráð fyrir að efnisflutningar til verksmiðju fari að öllu jöfnu stystu leið um Þrengslaveg og þaðan á Þorlákshafnarveg og Suðurstrandarveg. Rekstraraðilar námu í Litla-Sandfelli stefna að því að sækja um leyfi til 625.000 m³ efnisnýtingar á ári í samræmi við gildandi aðalskipulag. Vegna mülunarverksmiðju mun þungaumferð um þessa vegi aukast. Samkvæmt því sem fram kemur í kafla 7.4.2 í umhverfismatskýrslu nemur aukningin á Þorlákshafnarvegi um 4% og um 23% á Suðurstrandarvegi. Aukning á Þrengslavegi gæti numið um 5,9%.

2. Fjallað er um tengdar framkvæmdir í kafla 5.10. Þar segir að efni komi bæði úr námum á landi og í sjó. Áformað er að stærstur hluti efnisins komi úr námum í sjó úti fyrir Landeyjahöfn og er þar gert ráð fyrir efnistöku til 30 ára. HPM stefnir að vinnslu í mülunarverksmiðju til framtíðar. Eftir að umhverfismati lýkur verður sótt um rekstrarleyfi fyrir verksmiðju sem til að byrja með yrði a.m.k. til 30 ára.

3. Fjallað er um námu í Litla-Sandfelli í aðskildu umhverfismatsferli sem nú er lokið. Rekstraraðilar þar munu sækja um rekstrarleyfi til næstu ára. Stefnt er að nýtingu þess efnis í mülunarverksmiðju, en kæmi ekki til þess þá yrði efni nýtt á annan hátt sem hefði sömu áhrif í för með sér. Efnistaka og vinnsla jarðefna er heilt á litið ekki endurnýjanleg starfsemi, þar sem þessar auðlindir endurnýja sig ekki á sama hátt og t.d. vatn. Engu að síður er nauðsynlegt að vinna jarðefni til framleiðslu ýmissa efna í samræmi við þörf á markaði. Heidelberg hefur unnið á sementsmarkaði í fjölda ára, þar sem markmiðið er að reisa hús á sem hagkvæmastan og umhverfisvænastan hátt og kostur er. Rannsóknir sýna að með nýtingu á móbergi verður unnt að draga enn frekar úr kolefnisspori sements sem hjálpar til í baráttu við loftslagsvá á heimsvísu. Heidelberg Materials er með eina metnaðarfullstu áætlun um

Nr. 16 - Umsögn Jóns Hjörleifs Stefánssonar

efnistökunni frá fagaðilum sem sendu inn sitt álit. Hvers vegna er ekki minnst á þessa gagnrýni í skýrslu Heidelberg? Í öðru lagi eru grænar fullyrðingar Heidelberg um steypugerðina vafasamar, t.d. í ljósi þversagnar Jevons. Hvers vegna er ekki minnst á þessa þversögn í neinum skjölum Heidelberg? Í þriðja lagi er umhyggja Heidelberg fyrir náttúrunni og samfélaginu varla markverð, bæði í ljósi þess að risastór hagnaðardrifin fyrirtæki eru ekki beinlínis þekkt fyrir hreina samvisku eða fyrir álit þeirra á náttúrunni – og í ljósi þeirra mannréttindabrota sem þetta risafyrirtæki virðist hafa gerst sekt um á alþjóðavettvangi. Af hverju ættu Íslendingar að trúa því að Heidelberg muni koma betur fram við þá en við t.d. Palestínumenn? En á netinu er til skýrsla sérfræðinga um mannréttindabrot þeirra þar sem heitir Violations Set in Stone. Risafyrirtæki gera það sem þau komast upp með og það er ólíklegt að þorlákshöfn verði einhver sérstök undantekning í þeim efnum. Í fjórða lagi er steinsteypugerð eðli sínu samkvæmt ekki sjálfbær (fjöll endurnýja sig ekki beinlínis, allavega ekki á tímaskala sem skiptir mennskt samfélag máli) og því ógn gegn náttúrunni – og það að bryðja fjöll mun ekki breyta því. Eða telur Heidelberg að það sé betra að gera græna steypu heldur en að reyna að finna aðrar lausnir en steypu? (Er það ekki augljóst að það er þeim í hag að tala um græna steypu? Þeir eru jú steypufyrirtæki. Að hlusta á steypufyrirtæki tala um umhverfisvernd er eins og að hlusta á tóbaksíðnaðinn tala um heilsu – aðilarnir geta ekki verið hlutlausir eðli málsins samkvæmt.) Hvað telur Heidelberg að Íslendingar ættu að taka mikið móberg til að berjast gegn loftslagsvánni? Eða réttara sagt: hvað væri Heidelberg tilbúið í að nýta margar móbergsnámur á Íslandi ef þeir mættu ráða? Það er nefnilega stórt og umhugavert skref fyrir sveitarfélag að opna erlendum risafjórðingum langtímaaðgang að íslenskum náttúruauðlindum. Hversu margar námur mun „góður granni“ (sem Heidelberg segir sig munu verða) ætla sér að nota í Ölfusi eftir þessar tvær eða þrjár í núverandi skýrslu? Betra væri að nýta efnið á Íslandi (úr Lambafelli) og láta Litla-Sandfell í friði og að íslenskir sérfræðingar myndu leggja sitt fram til að finna aðrar grænar leiðir sem gætu vegið uppá móti steinsteypunotkun.

4. Suðurlandsundirlendi er náttúruperla og einn fallegasti hluti þjóðvegarins. Túristar – en túrismi er ein meginstoð íslensk efnahags sem stendur – koma ekki til að keyra framhjá risastórum ljótum verksmiðjum. (Í þessu samhengi getur Heidelberg ekki verið „góður granni“.) Vöxtur höfuðborgarsvæðisins og eldvirknisraskanir á þéttbýli Reykjaness munu hafa það í för með sér að þorlákshöfn verður símikilvægari bær þar sem hann „færast sí nær Reykjavík“. Þorlákshöfn er því ekki krummaskuð sem þarf í einhverri örvæntingu að ofurselja sig útenskum fjórðingum og þungaiðnaði til að sjá fram á bjarta framtíð. Það eru ótal sóknarfæri fyrir þorlákshöfn án þess að reisa þessa risaverksmiðju. Telur Heidelberg að þungaiðnaðurinn sinn sé betri fjórðingur fyrir þorlákshöfn en aukning túrisma og aukin tengsl við

Viðbrögð

lækkun kolefnisspors í heiminum í sínum iðnaði þar sem verið er að taka með mikilli ábyrgð á loftslagsmarkmiðum.

4. Það er ekki hlutverk umhverfismats að gera upp á milli atvinnugreina og mikilvægi þeirra. Í kafla 7.4.2 í umhverfismati er fjallað um áhrif á landnotkun og þar á meðal útivist og ferðaþjónustu. Talið er að vægi áhrifa verði nokkuð neikvæð og byggir það mat einkum á því að færa þarf skilgreindan göngustíg meðfram ströndinni upp fyrir verksmiðju á þessum kafla. HPM tekur undir að þorlákshöfn er öflugt samfélag á mikilli uppleið. Uppgangur byggir m.a. á stefnumörkun sveitarfélagsins um uppbyggingu iðnaðar austan þorlákahafnar, en sú uppbygging er þegar hafin og yrði mölunarverksmiðja hluti af þeim áformum.

5. Þorlákshöfn er bær í vexti og nú þegar er höfnin t.a.m. orðin mikilvæg útflutningshöfn sem hefur í för með sér flutninga. Stefnumörkun sveitarfélagsins um uppbyggingu iðnaðarsvæðis austan þorlákshafnar hefur einnig óhjákvæmilega í för með sér aukna þungaumferð. Í umhverfismati er lagt mat á aukna umferð vegna verksmiðju og er talið að hún hafi óveruleg áhrif á viðtaka í þorlákshöfn m.a. vegna fjarlægðar frá flutningum. HPM stefnir á vinnslufyrirkomulag eins og kynnt er í skýrslunni þar sem meirihluti efnis kemur úr efnisnámmum úr sjó.

6. Bent er á að í umhverfismatsskýrslunni er samantekt á verkefninu beint á eftir forsiðu. Samantekt er krafa samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

Nr. 16 - Umsögn Jóns Hjörleifs Stefánssonar	Viðbrögð
<p>höfuðborgarsvæðið? Auðvitað fer þungaiðnaðarfyrirtæki ekki að mæla á móti sjálfu sér – hvernig á það að leggja mat á samfélagsleg áhrif sín á hlutlausan hátt?</p> <p>5. Umferðin sem myndi fylgja mölunarverksmiðjunni væri gífurleg: rúmum 100 vörubílar akandi framhjá Þorlákshöfn hverja 10-12 kl merkir vörubíll sirka hverjar tíu mínútur. Þetta er reynt að fela í fínunum prósentutölum en staðreyndin er sú burtséð frá slíkum tölum að þetta er gríðarleg vörubílaumferð framhjá rólegum bæ og þessi umferðaraukning ein og sér mun gjörbreyta andrúmslofti bæjarins. En það er annað sem hér sem skiptir máli: þessi umferð miðast við að tekin sé viss prósentu úr landnámunum (og slatti úr sjónum). En hvað ef þessi hlutföll og magntölurnar breytast? Mun þá ekki vörubílaumferðin aukast? Og hvaða tryggingu hefur Þorlákshöfn fyrir því að hlutföllin og efnismagnið muni ekki breytast? Er það ekki Heidelberg í sjálfsveld selt að auka hraða efnistöku og umfang hennar ef og eftir að mölunarverksmiðjan rís? Ef svo er, hvaða mark er á þessum tölum takandi ef þær eru allar breytilegar eftir geðþótta Heidelberg? Eða fær Þorlákshöfn einhverju um það ráðið að þetta breytist ekki t.d. í 150 eða 200 bíla á dag?</p> <p>Svo ein pæling (sem þarf ekki að birtast með athugasemdunum) sem er til Skipulagsstofnunar: Bara hugmynd, en hvað með að fara fram á við fyrirhugaða framkvæmdaraðila að þeir skrifi samantekt fremst í skýrslunum sínum (á ensku kallast þetta executive summary)? Þetta tíðkast víða og er bæði fyrir fagfólk og leikmenn. Með slíkum samantektum myndi lýðræðisleg þátttaka almennings í athugasemdaskrifum aukast því fólk gæti áttað sig hraðar og betur á inntaki skýrslu ef það er samantekt fyrst. Almennigur hefur oftast ekki tíma til að lúslesa langar og fræðilegar/tæknilegar skýrslur (skýrsla Heidelberg í þessu tilviki er t.d. yfir 100 blaðsíður). Það merkir fólk áttar sig sennilega ekki oft á því hvort löng og tæknileg skýrsla segir rétt frá, skautar framhjá atriðum, setur hluti fram í réttu eða röngu ljósi o.s.frv. – ekki nema fólk lesi skýrsluna alla og búi til sína eigin samantekt og þetta hafa sennilega fæstir tíma til að geta eða gera. Framkvæmdaraðila munar hinsvegar ekkert um að draga saman efni skýrslunnar fremst á „mannamáli“, fagfólki og leikmönnum til hægðarauka – og hví skyldi hann ekki gera allt sem í sínu valdi liggur til að gera hugmyndir sínar ljósar sem flestum?</p> <p>Mbkv, Jón Hjörleifur</p>	

Umsögn Esterar Ólafsdóttur

BLAÐSÍÐA 42/42

Nr. 17 - Umsögn Esterar Ólafsdóttur	Viðbrögð
<p>Umferð</p> <p>Á undanförunum árum hefur orðið mikil aukning flutningabíla um Þorlákshafnarveg og Þrengslaveg. Þessi umferð mun halda áfram að aukast vegna aukinna umsvifa í Þorlákshöfn. Vegna fyrirhugaðrar mólunarverksmiðju mun umferð flutningabíla aukast enn meir eða um rúmlega eitt hundrað á sólarhring. eru fyrirhugaðar einhverjar vegabætur samhliða þessu verkefni?</p> <p>Stór hópur íbúa Ölfuss/Þorlákshafnar aka Þorlákshafnarveg og Þrengslaveg daglega til og frá vinnu. Vegamót Hlíðarendavegar og Þrengslavegar annarsvegar og Þorlákshafnarveg og Þrengslavegar hins vegar eru í dag varhugaverð. Með stórauðum umferð flutningabíla má reikna með að þessi gatnamót verði stórhættuleg. eru fyrirhugaðar einhverjar vegabætur t.d. hringtorg á þessum vegakafli?</p>	<p>Vegagerðin hefur unnið að vegbótum á Þrengslavegi í tengslum við efnisnámur sem þar eru. Gera má ráð fyrir að vegbætur og styrkingar haldi áfram á næstu árum samfara rekstrarleyfi þeirra náma sem ávallt kalla á umferð þungaflutninga, óháð starfsemi mólunarverksmiðju. Vegagerðin er veghaldari þeirra vega sem um ræðir og mun svara fyrir þörf á frekari vegabótum.</p> <p>Sjá einnig viðbrögð við umsögnum Vegagerðarinnar hér að ofan.</p>
<p>Reiðvegur</p> <p>Reiðvegur liggur frá Hveragerði og áfram meðfram Hlíðarendavegi. Núna fara hestamenn, hjólréiða- og göngufólk yfir Þorlákshafnarveginn. eru áform um að gera undirgöng til að tryggja þessa umferð?</p>	<p>Slík framkvæmd er ekki hluti þessarar framkvæmdar. Gera má ráð fyrir að sveitarfélagið og Vegagerðin meti í framtíðinni hvort þörf verði á breytingum til þess að tryggja að þessi umferð geti haldist í óbreyttu horfi.</p>
<p>Umferð hjá vatnsverksmiðju</p> <p>Daglega fer fjöldi gámabíla frá vatnsverksmiðjunni í Hlíðarenda inn á Þrengslaveg. Sú umferð hefur aukist og mun aukast með fyrirhugaðri stækkun vatnsverksmiðjunnar. eru fyrirhugaðar vegabætur á þessum gatnamótum?</p>	<p>Sú framkvæmd er ekki hluti þessarar framkvæmdar. Gera má ráð fyrir að sveitarfélagið og Vegagerðin meti í framtíðinni hvort þörf verði á vegabótum á þessum gatnamótum.</p>
<p>Flutningar</p> <p>Í fyrri matsgerð var gert ráð fyrir á þriðjahundrað flutningabíla á sólarhring, mikil óánægja var með þá umferð meðal íbúa. Nú er talan rúmlega eitt hundrað flutningabíla á sólarhring. Er einhver trygging fyrir því að ferðum flutningabíla aukist ekki, eftir að verkefnið hefur verið samþykkt? (Ef af samþykkt verður)</p>	<p>HPM stefnir á vinnslufyrirkomulag eins og kynnt er í skýrslunni þar sem meirihluti efnis kemur úr efnisnámunum úr sjó.</p>